

Apríl 2024



# Áfram Ísland!

## Tillögur að fyrirkomulagi afreksstarfs



**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Áfram Ísland: Tillögur að fyrirkomulagi afreksstarfs

Apríl 2024

mrn@mrn.is

www.mrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2024 Mennta- og barnamálaráðuneytið

ISBN 978-9935-436-88-7

# Efnisyfirlit

<b>Áherslur starfshóps .....</b>	<b>6</b>
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>8</b>
1.1 Starfshópur mennta- og barnamálaráðuneytis .....	8
1.2 Vinnum gullið .....	10
1.3 Markmið og áherslur skýrslu .....	11
<b>2. Afreksmiðstöð Íslands .....</b>	<b>13</b>
2.1 Almennt .....	13
2.2 Fagsvið .....	15
2.2.1 Mælingar og stöðumat .....	16
2.2.2 Líkamspjálfun .....	16
2.2.3 Meðhöndlun og heilsa .....	17
2.2.4 Sálfræði og íþróttir .....	18
2.2.5 Íþróttanæring .....	19
2.2.6 Íþróttafólk og ferill .....	21
2.2.7 Íþróttapjálfarinn .....	22
2.2.8 Vísindarannsóknir .....	23
2.3 Tillögur starfshóps .....	23

<b>3. Skipulag afreksstarfs og stuðningur .....</b>	<b>24</b>
3.1 Afreksstefna ÍSÍ.....	24
3.2 Afreksstefnur annarra landa.....	24
3.3 Afreksstefna til framtíðar.....	25
3.4 Afrekssjóður ÍSÍ .....	26
3.5 Sjóðakerfi annarra landa .....	27
3.5.1 Árangur í afreksíþróttum.....	27
3.6 Afreksjóður til framtíðar.....	28
3.7 Stuðningur ríkisins við afreksstarf.....	29
3.8 Stuðningur opinberra aðila á Norðurlöndunum.....	30
3.9 Hlutverk ríkisins vegna stuðnings við afreksíþróttir til framtíðar .....	31
3.10 Sérstaða Íslands .....	32
3.11 Tillögur starfshóps.....	33
<b>4. Stuðningur sveitarfélaga og atvinnulífs.....</b>	<b>34</b>
4.1 Sveitarfélög og íþróttastarf.....	34
4.2 Stuðningur sveitarfélaga við afreksíþróttir til framtíðar .....	36
4.3 Stuðningur atvinnulífs við afreksíþróttir.....	38
4.4 Tillögur starfshóps.....	39
<b>5. Réttindi afreksíþróttafólks.....</b>	<b>40</b>
5.1 Réttindamál afreksíþróttafólks.....	40
5.2 Erlendur samanburður.....	41
5.3 Réttindalöggjöf til framtíðar .....	42
5.4 Aðgengi að heilbrigðiskerfi .....	42
5.5 Erlendur samanburður.....	42
5.6 Framtíðarfyrikomulag.....	43
5.7 Tillögur starfshóps.....	43

<b>6. Kostnaðarpátttaka.....</b>	<b>44</b>
6.1 Kostnaðarpátttaka í landsliðsstarfi.....	44
6.2 Horft til framtíðar.....	45
6.3 Tillögur starfshóps.....	46
<b>7. Afreksstarf á ólíkum skólastigum .....</b>	<b>47</b>
7.1 Stöðumat og mismunandi skólastig.....	47
7.2 Grunnskólar.....	48
7.3 Framhaldsskólar.....	49
7.3.1 Afrekssvið framhaldsskólanna – nýsköpunarsjóður.....	49
7.4 Háskólar .....	50
7.5 Afreksíþróttir og nám.....	51
7.6 Tillögur starfshóps.....	51
<b>8. Samantekt tillagna.....</b>	<b>52</b>
8.1 Afreksmiðstöð Íslands.....	52
8.2 Afreksstarf, skipulag og stuðningur.....	52
8.3 Stuðningur sveitarfélaga og atvinnulífs við afreksíþróttir.....	53
8.4 Launasjóður afreksíþróttafólks og réttindi.....	53
8.5 Kostnaðarpátttaka í afreksstarfi .....	53
8.6 Afreksstarf á ólíkum skólastigum.....	54
<b>9. Heimildaskrá.....</b>	<b>55</b>
<b>10. Ítarefni.....</b>	<b>56</b>
10.1 Listi yfir álitsgjafa, erindi og heimsóknir á starfstíma starfshóps.....	56
10.2 Tengiliðir .....	60
10.3 Gagnlegir tenglar.....	61

# Áherslur starfshóps

Mennta- og barnamálaráðherra skipaði starfshóp um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks í janúar 2023. Hlutverk starfshópsins var að yfirfara og leggja til breytingar á fyrirkomulagi, löggjöf og öðru sem hópurinn taldi þurfa til að stuðningur við afreksíþróttafólk á Íslandi verði í fremstu röð. Staða og umgjörð afreksíþróttu á Íslandi var greind og í þessari skýrslu eru settar fram tillögur að nýrri nálgun í afreksmálum og aðgerðum til nokkurra ára. Í vinnu starfshópsins var lögð rík áhersla á að setja fram tillögur sem efla og styrkja afrekstarf í íþróttum í sinni víðustu mynd.

Tillögurnar eru byggðar á breiðri og þverfaglegri nálgun sem getur aukið líkur á jákvæðum heilsufarsávinningi fyrir íslenskt samfélag. Starfshópurinn telur að þessar tillögur muni hafa umtalsvert forvarnargildi, þær muni efla almenna heilsu og velferð fólks á Íslandi til lengri tíma litið og á sama tíma draga úr útgjöldum heilbrigðiskerfisins. Auk þess telur starfshópurinn að tillögurnar geti aukið þekkingu og nýsköpun á sviði íþróttu.

Tillögur starfshópsins eru umfangsmiklar og lúta m.a. að aðgerðum sem tengjast stöðu íþróttafólks, starfsemi íþróttafélaga og sérsambanda, umgjörð afreksíþróttu á mismunandi skólastigum og einnig hvert hlutverk ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs sé í þessu samhengi. Starfshópurinn telur að þær tillögur sem hér eru settar fram muni ekki aðeins efla og styrkja afreksíþróttastarf og auka líkur á betri árangri í framtíðinni heldur einnig hafa jákvæð áhrif á allt íþróttastarf á Íslandi.

Umfangsmikið samráð og upplýsingaöflun meðal innlendra og erlendra álitsgjafa hefur átt sér stað í tengslum við vinnu starfshópsins. Tillögur skýrslunnar eru því lagðar fram á grundvelli þekkingar og reynslu starfshópsins og því samráði sem átti sér stað. Lögð var áhersla á að nýta það besta frá erlendum fyrirmyndum og aðlaga þær íslenskum aðstæðum. Fjöl margar tillögur eru settar fram í þessari skýrslu en þær mikilvægustu að mati starfshópsins eru:

- Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ) verði stofnuð. Markmið AMÍ verður að afreksíþróttafólk nái betri árangri í íþróttum, auk þess að efla faglega umgjörð afreksstarfs á Íslandi og þannig auka þekkingu og nýsköpun á sviði afreksíþróttu.
- Stofnaður verði launasjóður afreksíþróttafólks og þjálfara í íþróttum. Markmiðið er að skapa sambærilegt starfsumhverfi og þekkist í nágrannalöndunum og tryggja um leið vinnumarkaðstengd réttindi.
- Komið verði til móts við kostnaðarþátttöku íþróttafólks í landsliðsverkefnum með auknum stuðningi ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs. Markmiðið er að allir hafi jafnan möguleika á að taka þátt í landsliðsverkefnum í íþróttum.

- Fagleg umgjörð afrekssviða í grunn- og framhaldsskólum verði eflð og tengd við íþróttafélög og sveitarfélög. Markmiðið er að hlúa betur að efnilegu íþróttafólki og draga úr brotthvarfi ungmenna úr íþróttum.
- Aðkoma atvinnulífsins að afreksíþróttum verði eflð. Fleiri fyrirtæki verði virkir þátttakendur í uppbyggingu afreksíþróttar.
- Að núverandi skipulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi verði skoðað. Markmiðið er að meta fyrirkomulagið og hvort nýta megi betur það fjármagn sem íþróttahreyfingin fær frá stjórnvöldum í dag.

# 1. Inngangur

## 1.1 Starfshópur mennta- og barnamálaráðuneytis

Mennta- og barnamálaráðherra skipaði starfshóp um stöðu og réttindi afreksíþróttafólks þann 24. janúar 2023. Starfshópurinn var skipaður fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytis, félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, auk fulltrúum íþróttahreyfingarinnar, Sambands íslenskra sveitarfélaga og íþróttanefndar ríkisins.



*Ásmundur Einar Daðason setur ráðstefnuna Vinnu gullið: Ný stefna í afreksíþróttum á Íslandi*

Verkefni starfshópsins voru að

- yfirfara umgjörð afreksmála í íþróttum í dag. Þá sérstaklega eftirfylgni með afreksstefnu ÍSÍ, skipulag Afrekssjóðs ÍSÍ og þann stuðning sem kemur frá ríkinu til afreksíþróttar,
- skoða hvernig aðkoma sveitarfélaga er að stuðningi við afreksíþróttir. Gera tillögur um breytingar þar sem þarf,
- skoða löggjöf sem gildir um stuðning við afreksfólk og ef þess þarf að leggja til breytingar til að stuðningur við afreksfólk hér á landi verði í fremstu röð. Er hér sérstaklega átt við vinnumarkaðstengd réttindi afreksfólks sem hefur helgað sig íþróttinni sem það keppir í fyrir hönd Íslands. Skoða hvernig réttindi afreksfólks í íþróttum verði best tryggð innan almannatryggingakerfisins,
- skoða sérstaklega kostnaðarpáttöku í landsliðsstarfi. Er hér sérstaklega átt við kostnaðarpáttöku afreksíþróttafólks og fjölskyldna þeirra í tengslum við páttöku í landsliðsstarfi. Gera tillögur um hvort gera þurfi breytingar á því fyrirkomulagi sem er við lýði og þá með hvaða hætti.

- skoða hlutverk og aðkomu menntakerfis og vísindastarfs að ýmsum þáttum afreksstarfs. Leggja áherslu á hvernig afreksíþróttafólki gangi að samþætta menntun og þátttöku í afreksíþróttastarfi.
- skoða aðra þætti eftir þörfum í tengslum við verkefnið.

Starfshópurinn skipuðu:

- Vésteinn Hafsteinsson, formaður, án tilnefningar,
- Örvar Ólafsson, án tilnefningar,
- Hildur Ýr Þórðardóttir, án tilnefningar,
- Steinþór Einarsson, tilnefndur af Sambandi Íslenskra sveitarfélaga,
- Erlingur Jóhannsson, tilnefndur af Íþróttanefnd ríkisins,
- María Sæm Bjarkardóttir, tilnefnd af heilbrigðisráðuneyti,
- Eva Margrét Kristinsdóttir, tilnefnd af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti,
- Knútur G. Hauksson, tilnefndur af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands,
- Kristín Birna Ólafsdóttir, tilnefnd af Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands,
- Guðmunda Ólafsdóttir, tilnefnd af Ungmennafélagi Íslands.

Fyrsti fundur starfshópsins fór fram í mennta- og barnamálaráðuneytinu þann 1. febrúar 2023. Í framhaldinu voru haldnir sjö fundir auk tveggja lengri vinnufunda. Vésteinn Hafsteinsson, formaður starfshópsins, var ráðinn þann 1. maí 2023 sem afreksstjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí). Samhliða sinnir hann starfi hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu við að leiða vinnu starfshópsins. Í maí 2023 var Guðmunda Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Akraness ráðin í 50% starf sem var kostað af Ungmennafélagi Íslands (UMFÍ) til að vinna að verkefninu. Í ágúst 2023 var Erlingur Jóhannsson prófessor við Háskóla Íslands ráðinn í 40% starf á vegum mennta- og barnamálaráðuneytisins til að vinna að framgangi verkefnisins. Starfshópurinn hefur leitað til fjölmargra álitgjafa, bæði íslenskra og erlendra, og fundað með um 150 mismunandi aðilum um markmið og hugmyndir hópsins. Álitgjafarnir eru m.a. forsvarsfólk íþróttahreyfingar þ.e. ÍSí og UMFÍ, fulltrúar sérsambanda, íþróttahéraða og íþróttafélaga, sveitarstjórnarfólk, fulltrúar skólakerfisins og atvinnulífsins. Hægt er að sjá lista yfir álitgjafa í kafla 10.

## 1.2 Vinnum gullið

Ráðstefnan *Vinnum gullið* sem haldin var í Hörpu þann 20. nóvember 2023 var mikilvægur þáttur í vinnu starfshópsins. Ráðstefnan var vel sótt, en 450

þátttakendur voru á staðnum og um 2.000 einstaklingar nýttu sér beint streymi frá viðburðinum. Starfshópurinn stóð fyrir skipulagningu ráðstefnunnar í samvinnu við mennta- og barnamálaráðuneyti, ÍSÍ, UMFÍ og Samband íslenskra sveitafélaga. Í hópavinnu voru þátttakendur beðnir að svara spurningum sem tengjast helstu viðfangsefnum starfshópsins. Þátttakendur voru m.a. spurðir hvernig þeir teldu að bætt samvinna íþróttafélaga, skóla og sveitarfélaga á Íslandi gæti leitt til enn betri árangurs í íþróttum. Þátttakendur nefndu



helst bættan skilning á þörfum afreksstarfsins auk betri nýtingar mannvirkja og mannauðs. Svör þátttakenda endurspeglu áherslur starfshópsins um mikilvægi samvinnu í íþróttahreyfingunni. Hægt er að nálgast upptöku af ráðstefnunni, glærur og niðurstöður hópavinnu í heild sinni á [vefsíðu mennta- og barnamálaráðuneytisins](#).



**Mynd 1. Orðaský um það mikilvægasta í einu orði skv. ráðstefnugestum til að hámarka árangur afreksíþróttafólks**


### 1.3 Markmið og áherslur skýrslu

Meginmarkmið starfshópsins var að greina stöðu og umgjörð afreksíþrotta á Íslandi og setja fram tillögur að áherslum og aðgerðum til nokkurra ára. Lögð var rík áhersla á að setja fram tillögur sem bæði efla og styrkja afreksstarf í íþróttum í sinni víðustu mynd. Settar eru fram tillögur að aðgerðum sem tengjast stöðu íþróttafólks, starfsemi íþróttafélaga, íþróttahéraða og sérsambanda, umgjörð afreksíþrotta á mismunandi skólastigum og hlutverki sveitarfélaga, atvinnulífs og stjórnvalda.

Starfshópurinn hefur lagt ríka áherslu á að settar verði fram tillögur sem hafa breiða skírskotun og hafi kjölfestu í íþrotta- og æskulýðsstarfi barna og ungmenna. Mynd 1 sýnir þróunarpýramíða íþróttastarfs sem tengist hugmyndafræði hópsins um að stuðla að bættri heilsu og heilbrigði allra þannig að fleiri en afreksíþróttafólk njóti góðs af nýju umhverfi íþróttanna. Þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni eiga að höfða til og hafa áhrif á íþróttastarf um land allt og til lengri tíma litið hafa jákvæð áhrif á heilsu og velferð samfélagsins í heild.

Starfshópurinn hefur kynnt sér umgjörð og skipulag nágrannalandanna þegar kemur að afreksíþróttastarfi. Hefur sú vinna verið nytsamleg á þeirri vegferð að koma með tillögur um betra fyrirkomulag afreksstarfs á Íslandi. Í þessu samhengi er mikilvægt að skoða núverandi starfsemi og skipulag íþróttahreyfingarinnar. Álitsgjafar sem starfshópurinn hafði samband við bentu á að afreksstarf á Íslandi hafi ekki þróast í takt við samfélagið og skipulag íþróttahreyfingarinnar. Umgjörð og kröfur til afreksstarfsins séu ekki í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndunum.

Mynd 2. Þróunarpýramídi íþróttastarfs



Starfshópurinn leggur til að núverandi skipulag og fyrirkomulag íþróttahreyfingarinnar á Íslandi verði skoðað. Mikilvægt er að fengnir verði utanaðkomandi sérfræðingar sem ekki hafa tengingu eða hagsmuna að gæta innan íþróttahreyfingarinnar. Gera þarf úttekt á starfsemi heildarsamtaka íþróttahreyfingarinnar ásamt því að meta hvort nýta megi betur eða á annan hátt það fjármagn sem íþróttahreyfingin fær í dag frá stjórnvöldum. Mikilvægt er að slík úttekt fari fram, samhliða auknum fjárveitingum til íþróttastarfs á komandi árum.


Guðlaug Edda Hannesdóttir, fremsta þríbrautarkona landsins fagnar sigri



## 2. Afreksmiðstöð Íslands

Á undanförunum árum hafa kröfur til afreksíþróttafólks aukist töluvert og að ná framúrskarandi árangri í íþróttum krefst sífellt meiri stuðnings og faglegrar nálgunar. Auk íþróttafélaga og sérsambanda er mikilvægt að fleiri fagaðilar komi að verkefninu og að styrktar- og samstarfsaðilum verði fjölgað til muna svo afreksstarf geti blómstrað enn frekar á Íslandi.

*Anton Sveinn McKee  
keppir fyrir Íslands hönd*



*Íþróttamannvirki í Laugardalnum*

Mikilvægur grundvöllur þess að Íslendingar nái betri árangri í íþróttum á komandi árum er að komið verði á fót afreksmiðstöð á Íslandi. Forsendur þess að vel takist til er að þeir sem koma að starfinu vinni náið saman að því að ná settu markmiði.

### 2.1 Almennt

Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ) verður sett saman af fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá ólíkum fagsviðum íþróttar. Sá hópur mun mynda sterkt og þverfaglegt fagteymi á sviði afreksíþróttar og þar með styrkja og efla faglega umgjörð afreksíþróttafólks á öllum stigum. Mikilvægt viðfangsefni fagaðila og sérfræðinga AMÍ verður að aðstoða sérsambönd og íþróttafélög á sem flestum sviðum afreksíþróttastarfsins. Fyrirkomulag AMÍ mun taka mið af sambærilegum miðstöðvum eða teymum sem sett hafa verið á fót víðast hvar hjá nágrannabjóðunum. Má þar helst nefna Norðurlöndin og minni lönd í Evrópu eins og Eistland, Lúxemborg, Slóveníu og Holland. Margar þjóðir, sem sett hafa á fót afreksmiðstöðvar, nota heitið *Team* og nafn landsins, t.d. heitir afreksmiðstöð Danmerkur *Team Danmark* og afreksmiðstöð Eistlands notar heitið *Team Estonia*. Hópurinn telur mikilvægt að afreksmiðstöðin hafi íslenskt heiti en gerir ráð fyrir að alþjóðlegt heiti hennar verði *Team Iceland* í samræmi við framangreint.

Mikilvægt er að Afreksmiðstöð Íslands verði stofnuð sem fyrst og henni fundinn staður í skipuriti Íþróttahreyfingarinnar eða í nánum tengslum við hana. Lagt er til að AMÍ verði sjálfstæð eining með eigin stjórn og sé leiðandi í afreksíþróttastarfi en vinni á sama tíma náð með og sé hluti af starfsemi ÍSÍ. Starfshópurinn telur mikilvægt að unnið verði að því að koma AMÍ á fót sem allra fyrst. Á mynd 3 má sjá sýn starfshópsins á því hverjir verða helstu samstarfsaðilar AMÍ.

**Mynd 3. Mikilvægustu samstarfsaðilar AMÍ**



Á ráðstefnunni *Vinum gullið*, sem fjallað var um í kafla 1.2., voru þátttakendur beðnir um álit á því hvernig fagaðilar AMÍ gætu eftl afreksíþróttir á Íslandi. Flest lögðu áherslu á þverfaglega ráðgjöf vegna t.a.m. félagslegra, andlegra, tæknilegra og líkamlegra þátta. Auk þess voru rannsóknir, fræðsla og forvarnir ofarlega í huga þátttakenda. Hugmyndafræði starfshópsins um uppbyggingu afreksmiðstöðvar á Íslandi eru m.a. byggðar á þeim tillögum sem komu fram á ráðstefnunni.


Fyrirkomulag AMÍ verður því á margan hátt sambærilegt og þekkist annars staðar hvað varðar umgjörð og skipulag, sem þýðir í aðalatriðum að fjölmargir fagaðilar koma að verkefningu og vinna saman. Á mynd 4 má sjá tillögu starfshópsins að kjarnastarfsemi AMÍ. Verður hún samsett af minnst átta fagsviðum sem munu skipta veigamiklu máli í uppbyggingu afreksíþróttar. Því til viðbótar telur starfshópurinn afar mikilvægt að í allri vinnu AMÍ verði verndun og velferð (e. safeguarding) íþróttafólks og allra sem koma að starfi AMÍ höfð að leiðarljósi. Áreitni og ofbeldi getur komið upp í íþróttum líkt og annars staðar í samfélaginu og því mun fræðsla um þessi málefni vera mikilvægur og reglulegur hluti af starfinu.

Mikilvægustu þættir fagsviðanna verða að styðja við og veita afreksíþróttafólki og þjálfurum þeirra sérfræðiþjónustu og útbúa fræðsluefni og miðla því til íþróttafólksins. Hlutverk AMÍ verður að styrkja sérsambönd og íþrottafélög í sínu

afreksstarfi, efla starfsumhverfi íþróttþjálfarans með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra. Samhliða þessu gefst tækifæri til að auka þekkingu og nýsköpun á sviði afreksíþróttá þá einnig með því að skapa meiri stöðugleika og sjálfbærni í afreksstarfinu.

Ekki er síður mikilvægt hlutverk AMÍ að vinna náið með afrekssviðum framhaldsskólanna, tryggja samræmi í starfsemi þeirra og að ákveðnum gæðaviðmiðum sé fylgt. Í þessu samhengi verður í auknum mæli mögulegt að vinna að hæfileikamótun íþróttafólks á mismunandi skólastigum og bæta þjálfun þeirra. Æskilegt er að ákveðinn sveigjanleiki sé til staðar sem tryggir að afreksíþróttafólk geti stundað sína íþrótt, þ.e. sótt æfingar, tekið þátt í æfingabúðum og farið í keppnisferðir. Hlutverk AMÍ verður að sjá til að þessum þáttum afreksstarfsins verði fylgt eftir.

#### Mynd 4. Fagsvið sem mynda kjarnastarfsemi Afreksmiðstöðvar Íslands



Þeim markmiðum og tillögum sem lýst er í þessum kafla verður m.a. náð með því að efla umgjörð afreksíþróttafólks. Verður það gert með ráðgjöf og sérfræðiþjónustu til afreksíþróttafólks í íþróttum með það að markmiði að bæta félagslega, andlega, tæknilega og líkamlega þætti. Sérstaka áherslu þarf að leggja á ráðgjöf til ungs og efnilegs íþróttafólks. Vinna þarf markvisst að uppbyggingu faglegra þátta og starfsumhverfi þjálfara í samstarfi við íþróttafélög og sérsambönd.

## 2.2 Fagsvið

Hér að neðan verður gerð grein fyrir áherslum mismunandi fagsviða sem munu starfa innan AMÍ. Fagsviðin eru að meginstefnu í samræmi við það sem þekkt er í afreksíþróttamiðstöðvum á Norðurlöndunum og víðar. Mikilvægt er að benda á að útfærsla þessara fagsviða er misjafnlega langt komin en engu að síður eru þau öll mikilvæg. Áherslur fagsviða hafa verið settar fram og unnar í samvinnu við háskólasamfélagið og fjölmarga aðra fagaðila og sérfræðinga. Starfshópurinn hafði samband við sérfræðinga á öllum fagsviðum og fékk

tillögur og ábendingar frá þeim á útfærslu fagsviðanna. Tillögurnar nýttust vel og voru þær greindar og aðlagðar að hugmyndafræði hópsins.

Í kafla 7, Afreksstarf á ólíkum skólastigum, verður sérstaklega fjallað um fagsviðið „Hæfileikamótun“ þar sem viðfangsefnið verður tengt við starfsemi framhaldsskóla og settar eru fram sértækar tillögur sem miða að því að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna.

### 2.2.1 Mælingar og stöðumat

Reglubundnar mælingar og skimun á afkastagetu afreksíþróttafólks er afar mikilvægur þáttur til að fylgjast með framvindu þjálfunar. Þá er kerfisbundið stöðumat nauðsynlegt til að gera alla þjálfun, tæknilega, líkamlega sem og andlega, markvissari og um leið næst betri árangur í íþróttum. Þekking varðandi afreksmælingar og stöðumat er góð á Íslandi en mælingar hafa hingað til að mestu verið framkvæmdar af vísindafólki við bæði Háskóla Íslands og við Háskólann í Reykjavík, auk annarra sérfræðinga á sjúkrapjálfunarstöðvum og/eða á vegum sjálfstætt starfandi sérfræðinga. Margir þessara aðila vinna að hluta með sérsamböndum eða félögum og í einhverjum tilfellum beint með íþróttafólkinu. Framkvæmd mælinga hingað til hefur verið góð en skort hefur faglega úrvinnslu gagna og hagnýtingu þeirra hjá þjálfurum í skipulagi þjálfunar íþróttafólksins. Leiða má líkum að því að skortur á tíma og kunnáttu þjálfara setji mark sitt á stöðuna.

Regluleg skimun á afreksgetu íþróttafólks og hagnýting upplýsinga á að vera ein af forsendum þess að viðkomandi sérsambönd fái fjárhagslegan stuðning frá AMÍ. Þjálfari félagsliðs og/eða landsliðs ætti að vita nákvæmlega hver staðan er hjá íþróttafólkinu sem þeir vinna með hverju sinni. Þegar niðurstöður mælinga liggja fyrir mun fagfólk AMÍ annars vegar veita íþróttafólkinu og þjálfurum leiðsögn vegna túlkunar og greiningar gagna og hins vegar ráðleggingar um hvernig niðurstöður mælinga ættu að hafa áhrif á áframhaldandi þjálfun. Á þann hátt eru meiri líkur á að þjálfunin verði markvissari og betri árangur náist.

Fjölmargar aðferðir og mælingar eru vel sannreynðar í tengslum við mat á afkastagetu íþróttafólks bæði hjá samstarfsaðilum afreksmiðstöðva erlendis og einnig hjá háskólum á Íslandi og öðrum fagaðilum. Eitt af mikilvægum hlutverkum AMÍ verður að sjá til þess unnið verði að reglubundnum mælingum í nánu samstarfi við Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur og aðra sérfræðinga.

### 2.2.2 Líkamsþjálfun

Það sem einkennir besta afreksíþróttafólkið frá öðru íþróttafólki er fyrst og fremst tæknileg færni og framúrskarandi líkamlegt og andlegt ástand. Til að vera samkeppnishæf á heimsmælikvarða þarf að sinna markvisst líkamlegum æfingum og skipulega samkvæmt bestu þekkingu hverju sinni. Íþróttavísindi eru í stöðugum framförum, t.d. hvernig afreksíþróttafólk skuli haga líkamlegri þjálfun, s.s. liðleika-, styrktar-, sprengikrafts-, hraða- og úthaldsþjálfun.

Hjá erlendum stórlíðum og félagslíðum á Íslandi hefur það færst í aukana að líðin ráði til sín þjálfara á sérsviðum íþróttafraeðinnar s.s. styrktarþjálfara sem er þá hluti af þjálfarateymi líðsins og vinnur náð að því að fylgja eftir einstaklingsmiðaðri þjálfunaráætlun. Aukin áhersla á sérhæfða þjálfun getur leitt af sér bættan árangur. Staðan á Íslandi á þessu fagsviði er almennt ekki nógu góð, þó er hún misgöð á milli íþróttagreina og íþróttafélaga, en ljóst er að gera má enn betur.

Mikilvægt er að fagsvið líkamsþjálfunar hjá AMÍ hafi innan sinna raða fagaðila sem hafa yfirgripsmikla sérþekkingu á líkamsþjálfun.

Mikilvægt er í þessu samhengi að fleiri fagaðilar geti miðlað og gefið út almennar leiðbeiningar um t.d. styrktarþjálfun eða aðra sérhæfða þjálfun eins og úthaldsþjálfun sem höfðar til íþróttafólks sem hefur náð ákveðnum aldri og þroska. Þjálfarar þyrftu að hafa aðgengi að útgefnum leiðbeiningum og ráðleggingum sniðnar að aldri og getustigi iðkenda. Afreksíþróttafólk samkvæmt skilgreiningum AMÍ, ættu að hafa beinan aðgang að sérfræðilpekkingu og stuðningi frá AMÍ.

Æskilegt er að fagaðilar fagsviðs líkamlegs þjálfunar hjá AMÍ verði annars vegar leiðbeinandi fyrir landsliðsþjálfara sársambanda og þjálfara félagsliða sem eru komin í efstu deildir og hins vegar vera ráðgefandi við æfingaáætlanir í samvinnu við yfirþjálfara íþróttafólksins og við stöðumat. Góð samvinna og samskipti á milli þjálfara íþróttafólksins og sérfræðinga í líkamlegri þjálfun er grundvallaratriði til að árangri. Íþróttafólk sem nýtur stuðnings frá AMÍ færi reglulega í íþróttamælingar. Fer það eftir íþróttafólkinu, íþróttagreinininni og fleiri þáttum hvaða mælingar þarf að framkvæma og skal það metið í nánú samstarfi við þjálfara viðkomandi og sérfræðinga AMÍ.

### 2.2.3 Meðhöndlun og heilsa

Fagsvið Meðhöndlun og heilsa mun tryggja og veita viðeigandi heilbrigðisþjónustu þegar þörf er á, eins fljótt og kostur er. Koma þarf á markvissu úrræði í heilbrigðisþjónustu sem tengist íþróttameiðslum hjá afreksíþróttafólki sem gerir það mögulegt að finna lausnir og grípa til aðgerða á sem skemmstum tíma.



*Eygló Fanndal Sturludóttir keppir í ólympískum lyftingum*

Á þennan hátt verður hægt að tryggja rétta verkferla og meðferðarúrræði þegar aðstoð vantar og hún krefst skjótrar meðhöndlunar. Heilbrigðisstarfsfólk á vegum eða undir stjórn AMÍ gætu haldið utan um mikilvæg gögn t.d. í gegnum heilsuviðtal.

Mikilvægt er að afreksíþróttafólkið fari reglulega í skimun og mælingar á líkamlegum og andlegum heilsufarsþáttum sem skipta máli í tengslum við þeirra íþróttarárangur. Starfsemin væri undir einu þaki og kjarninn væri hagnýtar rannsóknir til að safna upplýsingum um stöðumat og frammistöðu, finna líkamlega og andlega veikleika, mæla framför og gera þjálfaranum kleift að meta árangur þjálfunaráætlunarinnar. Ábyrgð á að greining, meðhöndlun og þjálfun mæti þörfum og markmiðum hvers og eins væri hjá sérhæfðum fagstjóra AMÍ.

Unnið er að uppbyggingu starfsstöðva sem sinna munu svæðisbundnum stuðningi við íþróttahéruð um land allt. Sýn hópsins er að starfsstöðvarnar geti haft mikilvægu hlutverki að gegna tengdu forvörnum og fyrirbyggjandi aðgerðum á sviði íþróttar í samstarfi við AMÍ.

#### 2.2.4 Sálfræði og íþróttir

Heimur afreksíþróttafólks er streituvaldandi og samkeppnin um að skara fram úr er mikil. Því er mikilvægt að afreksíþróttafólk fái góða sálfræðiþjónustu á víðum grunni og að hún sé bæði veitt af sálfræðingum og íþróttasálfræðiráðgjöfum. Einnig er mikilvægt að efla þekkingu þjálfara um hvernig skuli veita sálfræðilega hæfnisþjálfun þar sem mikilvægt er að sálfræðilegir þættir séu þjálfaðir á hverjum degi líkt og aðrir hæfnisþættir.

Lagt er til að sálfræðiþjónusta við afreksíþróttafólk sé stigskipt þar sem þjónustuþörf eykst eftir því sem íþróttafólkið nær lengra í sinni íþrótt. Sá hópur sem fengi mesta þjónustu þarf að vera vel skilgreindur og gæti t.d. verið afmarkaður hópur afreksíþróttafólks sem eru líkleg til að komast á Ólympíuleika eða til að standa sig vel á heimsmeistaramóti s.s. í greinum sem eru ekki Ólympíugreinar. Sú sálfræðiþjónusta sem byðist þessum hópi yrði víðtæk og þyrfti að gera ítarlegt inntökuvíðtal við hvern þann einstakling sem yrði í hópnum þar sem bæði geðhagur og íþróttasálfræðilegir þættir yrðu skoðaðir. Mat sem færi fram í inntökuvíðtali yrði staðlað og eins fyrir alla. Út frá niðurstöðum inntökuvíðtals yrði einstaklingsbundin áætlun gerð fyrir íþróttafólk í samstarfi við það sjálft og ákveðið hvaða aðilar, með mismunandi sérfræðiþekkingu, kæmu að sálfræðilegu inngripi.

Til að ekki sé aðeins unnið með sálfræðiþáttinn hjá þeim sem eru á efsta stigi í sinni íþróttgrein þarf að setja upp öflugar og vel skipulagðar vinnustofur fyrir alla landsliðsþjálfara Íslands jafnt í yngri landsliðum sem og hjá fullorðnum. Meginmarkmið þessara vinnustofa mun vera að kenna þjálfurum að vinna með sálfræðilega hæfnisþjálfun á hverri einustu æfingu með einum eða öðrum

hætti. Hér verður lögð áhersla á að kenna þjálfurum að þjálfra frammistöðuhegðun hjá sínu íþróttafólki og íþróttaliðum.

Búin verður til fræðsludagskrá fyrir íþróttafólk sem ekki fær fulla þjónustu en gæti í framtíðinni notið hennar. Skilgreina þarf þennan hóp vel en ekki of þröngt, t.d. allt landsliðsfólk. Búa þarf til vandað fræðsluefni sem íþróttafólkið hefur auðvelt aðgengi að. Fræðslan þarf að vera í takt við þær vinnustofur sem þjálfarar fá þar sem áhersla er lögð á frammistöðuhegðun. Þannig er tryggt að þjálfarar og íþróttafólk hafi sama skilning á hugtakinu. Að auki ætti íþróttafólkið að fá fræðslu um þætti líkt og geðheilbrigði, átraskanir og aðstoð við samþættingu afreksmennsku og vinnu/skóla og annarra þátta. Íþróttafólki yrði einnig boðið upp á gagnreynda ósérhæfða meðferð við þunglyndi og kvíða ef þeir þurfa á slíkri meðferð að halda samkvæmt mati þeirra sjálfra eða fagaðila. Mikilvægt er að staðlað árangursmat væri gert á öllum þeim inngrípum sem fara fram innan AMÍ.

### 2.2.5 Íþróttanæring

Mataræði er einn lykilþátta þegar kemur að íþróttárangri. Nauðsynlegt er að uppfylla þarfir líkamans fyrir orku- og næringarefni með næringarríkum mat í samræmi við æfingaálag auk þess að tryggja vökvajafnvægi. Næringarþekking er meðal þess sem hefur áhrif á hvernig íþróttafólki gengur að uppfylla þessar þarfir.

Rannsókn sem var gerð meðal íslensks afreksiþróttafólks og þjálfara þeirra árið 2019 benti til að þjálfarar hafi betri þekkingu á íþróttanæringu en íþróttafólkið og að mikilvægt sé að byggja upp kerfi sem tryggir fræðslu og styður jafnt við iðkendur sem þjálfara. Mikilvægt er að fræðsla og ráðgjöf verði markviss svo hægt sé að byggja upp og viðhalda þekkingu þjálfara og íþróttafólks, en í dag er algengt að stök fræðsluerindi séu látin duga án nokkurrar eftirfylgni eða einstaklingsmiðaðrar þjónustu. Slík erindi ein og sér skila takmarkaðri þekkingu og árangri til lengri tíma litið.

Næringartengd fræðsla og ráðgjöf ætti eingöngu að vera í höndum þeirra sem hafa þar til bæra menntun og færni í að vinna með íþróttafólki. Sú sérfræðiþjónusta þarf að miða að því að framkalla jákvæðar, mælanlegar hegðunarbreytingar sem styðja bæði við heilsu og afköst. Þannig þarf að huga



*Góð næring skilar árangri og vellíðan*

að mataræðinu í heild og taka tillit til ýmissa þátta svo sem aldurs, kyns og æfingaálags. Hlutverk íþróttanæringarfræðinga er einnig að byggja upp heilbriggt samband við mat og jákvæða líkamsímynd, auk þess að koma að forvörnum og meðferð einstaklinga með

átröskunarhegðun og átraskanir.

Átraskanir eru meðal mögulegra áhættuþátta hlutfallslegs orkuskorts í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, REDs).

Niðurstöður íslenskra rannsókna á næringu íþróttafólks skapa grunninn að gagnreyndri þekkingu sem er mikilvægt að sé nýtt sem best innan íþróttahreyfingarinnar.

Með vísan til framangreinds er mikilvægt að tryggja samhljóm og gæði næringarfræðslu og ráðgjafar sem er í boði. Lagt er til að minnst eitt miðlægt stöðugildi innan AMÍ

muni tryggja gæði þeirrar fræðslu sem fram fer innan félaga. Einnig er mikilvægt að matarframboð í íþróttamiðstöðvum og á viðburðum endurspegli það og auðveldi íþróttafólki að nærast sem best í kringum æfingar og keppnir. Æskilegt væri að lagt yrði upp úr því að íþróttafólk hefði aðgang að mótuneyti eða aðstöðu þar sem það gæti komið saman og notið næringarríks matar. Slíka aðstöðu mætti einnig nýta til að halda vinnustofur eða aðra viðburði þar sem iðkendur gætu kynnst fjölbreyttum mat og meðhöndlun hans.

Markviss fræðsluáætlun gæti til dæmis falið í sér að bjóða

- árlega fræðslu til foreldra/forsjáraðila og þjálfara yngri barna,
- gjaldfrjálsa næringarráðgjöf fyrir þjálfara, iðkendur og aðstandendur,
- námskeið í næringarfræði fyrir alla framhaldsskólanema auk sérhæfðar íþróttanæringarfræði fyrir nemendur á afrekssviðum,
- reglulega næringarfræðslu fyrir öll ungmenni sem stunda keppnisíþróttir, mikilvægi þess eykst eftir því sem æfingaálag er meira,
- fræðslu og ráðgjöf til íþróttafólks sem náð hefur 18 ára aldri. Áhersla lögð á afreksíþróttafólk sem er undir miklu álagi í kringum æfingar og keppnir.



Arna Sigríður Albertsdóttir í keppni á Ólympíumóti fatlaðra

## 2.2.6 Íþróttafólk og ferill

Markmið AMÍ er að gera afreksíþróttafólki kleift að ná árangri á heimsmælikvarða. Í því samhengi er mikilvægt að hafa yfirsýn yfir feril íþróttafólksins frá því að það stígur sín fyrstu skref í íþróttum, meðan á keppnisferli stendur og þar til ferli þeirra lýkur.


Margar hindranir eru fyrir íþróttafólk á leið sinni að framúrskarandi árangri í íþróttum. Sveigjanleiki skólakerfisins er mikilvægur vegna þátttöku íþróttafólks í keppni og æfingum. Með þeim möguleikum sem bjóðast í fjarkennslu og prófatöku fjarri skólahúsnæði ætti að vera einfaldara að veita afreksíþróttafólki sveigjanleika í námi.

Sama hver íþróttin er þá á afreksíþróttafólk sameiginlega leið að sínum markmiðum hvort sem það er í gegnum næringu, svefn, mælingar, markmiðasetningu, sálfræðiráðgjöf, sjúkrabjálfun vegna meiðsla og fyrirbyggingu meiðsla, undirbúning fyrir keppni sem og endurgjöf eftir keppni og svona mætti lengi telja.

Starfshópurinn fundaði með afreksíþróttafólki, þá sérstaklega þeim sem stunda einstaklingsíþróttir hér á landi. Að sögn þeirra mætti gera enn betur vegna aðbúnaðar og framfærslu.

Mörg þeirra þurfa íþróttar sinnar vegna að dvelja langdvölum erlendis við æfingar og keppni. Að þeirra mati hefur fjárhagslegur stuðningur ekki verið nægur svo þau hafi ekki nema í undantekningartilfellum greitt sér laun og þannig áunnið sér vinnumarkaðstengd réttindi.

Eitt af mikilvægustu hlutverkum AMÍ yrði að samþætta þjónustu við fremsta íþróttafólk þjóðarinnar óháð íþróttagrein. AMÍ myndi hafa mikilvægu hlutverki að gegna við að leiðbeina íþróttafólki um ýmsa þætti er tengjast lífi og ferli afreksíþróttamannsins. Má þar meðal annars nefna fræðslu og leiðbeiningar vegna þátta tengdum tryggingum, sköttum, lífeyrisréttindum, búferlaflutningum og vinnumarkaðstengdum réttindum. AMÍ gæti jafnvel aðstoðað afreksíþróttafólk við að koma sér fyrir á vinnumarkað eftir að ferlinum lýkur.



*Að mörgu er að huga fyrir íþróttafólk*

## 2.2.7 Íþróttabjálfarinn

Þjálfun barna fram að unglingsaldri hér á landi er fagleg og um margt betri en víða annars staðar. Íþróttafélög leggja metnað í að vera með vel menntaða þjálfara í barna- og unglingsþjálfun. Íslensk börn hafa mörg betra aðgengi að aðstöðu í nærumhverfi sínu, sýna iðulega snemma mikla færni og getu og æfa oft á tíðum meira en jafnaldrar þeirra í nágrannalöndunum.


Efla og styrkja mætti þjálfun afreksíþróttafólks hér á landi. Mikilvægt er að styrkja íþróttabjálfa og starfsumhverfi þeirra, efla þjálfaramenntun ásamt því að bæta sí- og endurmenntun. Einnig er æskilegt að þjálfurum gefist tækifæri til að sækja ráðstefnur og hafi svigrúm til samvinnu og samráðs. Í því samhengi getur AMÍ orðið mikilvægur vettvangur. Menntun þjálfara á að vera í nánú samstarfi íþróttahreyfingarinnar við háskólasamfélagið og aðra sérfræðinga.

Þjálfari gegnir mikilvægu hlutverki í vegferð afreksíþróttafólks sem stefna að hámarksárangri í alþjóðlegri keppni. Því er mikilvægt að skapa umgjörð fyrir þjálfara á Íslandi sem gerir þeim kleift að stunda starf sitt að fullu en ekki sem aukastarf líkt og margir gera í dag. Í nágrannalöndunum fá afreksíþróttabjálfarar oft laun frá afreksmiðstöð, sérsamböndum, íþróttafélögum og sveitarfélögum í nánú samstarfi við afreksíþróttaskóla eða brautir framhaldsskólanna, sjá mynd 5. Í þessu samhengi er samstarf íþróttafélaga, sérsambanda, framhaldsskóla og AMÍ algjört grundvallaratriði. Þannig sameinast ólíkir aðilar að því að búa til stöðugildi fyrir framtíðarþjálfara.

Setja þarf fram markvissa áætlun hvernig hægt sé að efla og styrkja starfandi íþróttabjálfa. Samhliða þarf að setja fram aðgerðaáætlun hvernig bæta megi starfsumhverfi og menntun íþróttabjálfa í framtíðinni.



Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvennalandsliðsins í handknattleik



Mynd 5. Laun íþróttabjálfa

### 2.2.8 Vísindarannsóknir

Mikilvægt er að efla þróunarstarf og rannsóknir tengdar íþróttum og æskulýðsstarfi á Íslandi. Á það bæði við um barna- og unglíngastarf sem og almennt íþróttá- og afreksstarf. Áhugavert er að skoða þróun mismunandi lífstílsþátta sem geta haft áhrif á brotthvarf barna og ungmenna úr skipulögðu íþróttastarfi. Þannig geta upplýsingar um ungt íþróttafólk gefið mikilvæga vitneskju sem nýtist í stefnumótun um fyrirbyggjandi aðgerðir menntamálayfirvalda og íþróttahreyfingarinnar.

Mikilvægt er að efla rannsóknir og nýsköpun á sviði afreksíþróttá á Íslandi til að stuðla að markvissum framförum og betri árangri á alþjóðavettvangi. Þá er einnig þörf á að stuðla að aukinni þekkingarsköpun á sviði íþróttá.

Starfshópurinn leggur til að komið verði á fót Íþróttarannsóknasjóði með fjárframlagi frá ríkinu. Hlutverk sjóðsins yrði að styrkja hagnýtar íþróttarannsóknir sem tengjast íþróttastarfi barna og ungmenna og afreksstarfi íþróttafélaga og sérsambanda. Lagt er til að Íþróttarannsóknasjóður styrki rannsóknir sem byggja á samstarfi rannsakenda við íslenska háskóla eða aðrar íslenskar rannsóknarstofnanir við íþróttahreyfinguna, einingar og einstaklinga innan hennar. Samstarf íþróttahreyfingarinnar og rannsakenda getur varpað ljósi á hvað reynst hefur vel í íþróttastarfi og hvar þarf að gera betur til að mæta þeim áskorunum sem eru fyrir hendi í því skyni að stuðla að aukinni farsæld barna og ungmenna og betri árangri í íþróttum. Starfshópurinn leggur til að útfærsla og skilmálar Íþróttarannsóknasjóðs verði unnin út frá þeim vinnureglum sem hafa verið notaðar í tengslum við Menntarannsóknasjóð.



*Nemar við Háskólann í Reykjavík mæla stökkkraft*

## 2.3 Tillögur starfshóps

- Stofna Afrekmiðstöð Íslands
- Skipa stjórn AMÍ
- Fagsviðum komið á fót
- AMÍ fundinn staður í skipuriti íþróttahreyfingarinnar
- Koma á tengslum fagaðila AMÍ við íþróttá- og afreksstarf sveitarfélaga og afrekssvið framhaldsskóla
- Fjölga þjálfurum í fullu starfi og bæta þeirra starfsumhverfi og menntun
- Stofna Íþróttarannsóknasjóð

## 3. Skipulag afreksstarfs og stuðningur

Íþróttastarf á Íslandi stendur á traustum grunni og framþróun hefur átt sér stað síðastliðin ár. Til þess að aukinn árangur náist í alþjóðlegum keppnum þarf að gera enn betur. Skoða þarf heildarumgjörð afreksíþrótta allt frá eftirfylgni með afreksstefnu ÍSÍ til hvernig stuðningi ríkisins til afreksíþrótta er háttað.

### 3.1 Afreksstefna ÍSÍ

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Íþróttalaga, nr. 64/1998, er ÍSÍ æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar. Íþróttaping ÍSÍ er haldið annað hvert ár og er æðsta vald um málefni ÍSÍ. Meðal þess sem tekin er ákvörðun um á íþróttapingi ÍSÍ er afreksstefna en hún er leiðandi í afreksstarfi samtakanna.

Núgildandi afreksstefna ÍSÍ, sem samþykkt var þann 6. maí 2023, er vel upp sett og tekur á flestum þeim atriðum sem þarf til að ná góðum árangri í íþróttum. Stefnan fjallar í meginatriðum um að ná árangri á heimsmælikvarða á alþjóðlegum stórmótum, að auka hæfni þeirra sem vinna með afreksíþróttir, búa til aðgerðaáætlanir, setja upp tímasett markmið, efla kunnáttu þjálfara og tryggja aðgengi að mannvirkjum. Starfshópurinn telur mikilvægt að fylgja betur eftir markmiðum afreksstefnu ÍSÍ og þeim tillögum sem settar voru fram í úttekt á Afrekssjóði sem gerð var árið 2016.

ÍSÍ hefur gefið út leiðbeiningar um afreksstefnur sérsambanda og hvað þær skuli innihalda. Meðal helstu atriða er hvernig staðið sé að almennri þátttöku í íþróttinni og hæfileikamótun, hver stefnan sé varðandi afreksíþróttafólkið og þjálfara og hvernig unnið sé að aðstöðumálum, stoðþjónustu og fjármögnun. Sérsambönd setja hver fyrir sig eigin afreksstefnu en það hefur reynst mörgum þeirra erfitt að fylgja þeim eftir m.a. vegna skorts á fjármagni og mannafla.

### 3.2 Afreksstefnur annarra landa

Afreksstefna ÍSÍ er um margt líkt því sem þekkist í nágrennalöndunum að því undanskyldu að ekki er starfrækt afreksmiðstöð hér á landi. Afreksmiðstöðvar í Svíþjóð, Noregi og Danmörku hafa öll sínar afreksstefnur og vinna náið með afreksíþróttafólki og liðum í samstarfi við viðkomandi sérsambönd. Önnur sérsambönd sem ekki eiga íþróttafólk eða lið í fremstu röð leggja mesta áherslu á þróun og grunnstarf í sinni stefnumótun.

### 3.3 Afreksstefna til framtíðar

Afreksstefna ÍSÍ er leiðarljós íþróttahreyfingarinnar til að ná sem bestum árangri. Mikilvægt er að stefnan verði áfram unnin í nánú samráði við sérsambönd og að íþróttasamfélagið komi sér saman um skilgreiningar á þeim hugtökum sem tengjast afreksíþróttastarfi.

Skilgreina þarf betur hugtakið *afrek* og fylgja því eftir. Ekki er síður mikilvægt að fylgja eftir skilgreiningum á öðrum hugtökum s.s. *afreksíþróttafólk*, *afrekssamband* og *afreksíþróttastefna*. Lagt er til að litið verði til nágrannalanda okkar við skilgreiningu á hugtakinu *afrek* og að sett verði íslensk viðmið vegna árangurs einstaklinga og liða á stórmótum og alþjóðlegum mótariðum.

Hvert sérsamband ætti þannig að vinna í eigin takti að þróun starfsemi sinnar óháð því hvort að þau séu flokkuð sem afreks- eða verkefnasambönd samkvæmt skilgreiningu Afrekssjóðs ÍSÍ. Afrekssambönd eru þau sérsambönd sem eiga íþróttafólk sem með reglubundnum hætti ná skilgreindum árangursviðmiðum á stórmótum og alþjóðlegum mótariðum. Verkefnasambönd eru þau sérsambönd sem sinna íþróttum sem ekki uppfylla kröfur til að þiggja stuðning úr Afrekssjóði og/eða eiga ekki sama fjölda af íþróttafólki sem uppfyllir árangursviðmið á stórmótum.

Í núgildandi afreksstefnu ÍSÍ er fjallað um öll helstu atriði sem skipta máli varðandi afrek og stefnu til þess að ná enn lengra í alþjóðlegum keppnum. Þrátt fyrir það telur starfshópurinn grundvallaratriði að stefnunni verði fylgt vel eftir m.a. með því að

- skilgreina betur mismunandi afreks hugtök,
- auka samspil og eftirfylgni afreksstefnu ÍSÍ og sérsambanda,
- efla stuðning ríkisins við afreksíþróttastarf.

**Afrek er þegar einstaklingur/lið keppir á heimsmeistaramóti, Ólympíuleikum eða á stærstu mótariðum heims í viðkomandi íþróttagrein þar sem undankeppni eða lágmörk gilda. Íþróttagreinin skal vera stunduð í a.m.k. 40 löndum og skal styðjast við alþjóðleg viðmið um árangur, til dæmis sæti 3, 8, 12, 16, 24 eða 32.**



Leikmenn kvennalandsliðsins í knattspyrnu fagna marki

### 3.4 Afrekssjóður ÍSÍ

Meginhlutverk Afrekssjóðs ÍSÍ er að styðja sérsambönd fjárhagslega og þar með íslenskt afreksíþróttafólk og lið til að ná árangri í alþjóðlegri keppni.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutar um 500 milljónum á hvert til stuðnings við afreksíþróttastarf. Þeim fjármunum er deilt út til allt að 34 sérsambanda sem sækja um fjármagn úr Afrekssjóði. Frá árinu 2016 hafa sérsambönd ÍSÍ verið flokkuð í þrjá flokka, A, B, og C. Áramótin 2023-2024 var flokkun sérsambanda breytt með þeim hætti að nú flokkast sérsambönd í tvo flokka, þ.e. afrekssambönd og verkefnasambönd. Samkvæmt reglugerð um Afrekssjóð ÍSÍ er skilyrði þess að sérsambönd geti fengið styrk úr Afrekssjóði að þau séu með afreksstefnu, hafi aðgerðaráætlun og séu með skilgreint heilbrigðisteymi.

Hluti af markmiðum Afrekssjóðs ÍSÍ hafa reynst óraunhæf í framkvæmd og árangur í alþjóðlegum samanburði ekki eflst líkt og vonir stóðu til með auknu fjármagni til sjóðsins frá árinu 2016. Ætla má að það sé m.a. vegna dreifingar styrkja á mörg sérsambönd í stað þess að einblína á þau sérsambönd sem líkleg eru til að ná árangri í alþjóðlegri samkeppni og sýnt hafa fram á getu til að ná slíkum árangri.

Árið 2015 vann vinnuhópur, skipaður af framkvæmdastjórn ÍSÍ, úttekt á kostnaði við afreksíþróttastarf á Íslandi. Helstu Í skýrslu vinnuhópsins kemur eftirfarandi fram: (Útgefið efni, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands 2015/bls.28):

„Ef Ísland ætlar sér að eignast afreksíþróttafólk sem stendur jafnfætis þeim bestu í heimi, fær stuðning á við það sem gerist best, möguleika á að æfa og keppa við bestu aðstæður, hafa þjálfara sem kunna sitt fag og eru á við þá best menntuðu hjá öðrum þjóðum og fá aðstoð frá háskólasamfélaginu þar sem rannsóknir og þróun eru nýttar til að hámarka íþróttalegan árangur þá þarf að efla marga þætti, og sérstaklega auka það fjármagn sem veitt er til afreksíþróttar. Samhliða þessu þarf íþróttafólkið að hafa tryggingu fyrir því að það geti helgað sig íþróttinni í einhver ár og stundað nám og/eða komið sér upp fjölskyldu og þak yfir höfuðið, þannig að áhyggjur af framtíðinni séu ekki að trufla ástundun og íþróttaleg markmið“.


Árið 2017 gaf ÍSÍ út skýrslu um ítarlega úttekt á afreksstarfi m.a. vegna aukins fjármagns til Afrekssjóðs frá stjórnvöldum (Útgefið efni, Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands 2017). Úttektina vann vinnuhópur, skipaður af stjórn ÍSÍ, í víðtæku samráði við íþróttahreyfinguna. Helsta niðurstaða vinnuhópsins var að ekki væri ástæða til breytinga á þeim meginmarkmiðum sem afreksstefna ÍSÍ hefur að geyma, enda taldi hópurinn stefnuna tímalausa og að hún muni eiga við afreksstarf á hverjum tíma. Hópurinn lagði áherslu á að þrátt fyrir aukin framlög þurfi meira til svo afreksstarf standi jafnfætis öðrum vestrænum löndum hvað fjármögnun varðar. Þá var lögð áhersla á sjálfstæði Afrekssjóðs, gagnsæi og rökstuðning með úthlutun auk áherslu á opinbera birtingu upplýsinga. Hópurinn taldi að sjóðurinn ætti að styrkja að meginhluta þau sérsambönd sem fremst standa í afreksstarfi á hverjum tíma, auk þess sem nauðsynlegt sé að styrkja önnur sérsambönd til að standa undir lágmarks landsliðsverkefnum. Þá er fjallað um mikilvægi þess að skilgreina betur hugtakið *afrek* og *stórmót*.

### 3.5 Sjóðakerfi annarra landa

Í samanburði við önnur lönd er úthlutun styrkja til afreksstarfs hér á landi ólík. Sem dæmi má nefna Svíþjóð en þar er íþróttagreinum skipt í fimm styrkleikaflokka og fá tiltölulega fáir einstaklingar og lið styrki úr afrekssjóðum. Slík nálgun er í samræmi við niðurstöðu SPLISS rannsóknarinnar (De Bosscher o.fl. 2006), sem fjallað verður um hér að neðan, en hún gefur til kynna að markviss stuðningur við fáar íþróttagreinar geti leitt af sér betri árangur en breiður stuðningur við fjölda íþróttagreina, líkt og fyrirkomulagið hefur verið á Íslandi.

#### 3.5.1 Árangur í afreksíþróttum

SPLISS (Successful Elite Sport Policies: An International Comparison of the Sports Policy Factors Leading to International Sporting Success) er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem hófst árið 2008. Í fyrstu voru sex þjóðir sem tóku þátt í verkefninu en síðar hafa fleiri þjóðir bæst í hópinn. Markmið rannsóknarinnar er að greina hvaða þættir skipta mestu máli í afreksstarfi og stefnumótun afreksíþróttu til að ná árangri í alþjóðlegum samanburði. SPLISS módelið er samsett af níu stoðum auk 96 árangursþátta, sjá Mynd 6.



Mynd 6. SPLISS módelið

Meðal helstu niðurstaðna SPLISS rannsóknarinnar er að mismunandi þættir hafa áhrif á heildarútkomu hvers þjóðar. Ekki er ein rétt leið til sem hægt er að yfirfæra milli landa sem tryggir árangur. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til sterkrar tengingar milli fjárfestingar í afreksíþróttastarfi og árangri í alþjóðlegum samanburði. Sýnt er fram á að alþjóðleg samkeppni og fjárfesting í

afreksstarfi hefur aukist svo ekki er nóg að horfa til fjárfestingar í heimalandinu. Áberandi er í niðurstöðum að þær þjóðir með mest skipulag á afreksíþróttum skila bestum árangri og um leið betri nýtingu fjármuna. Öfugt við það sem margir halda hafa stóðir þrjú og fjögur um þátttöku og hæfileikamótun ekki mikið forspárgildi varðandi árangur í alþjóðlegum samanburði. Hins vegar er ljóst að sé grunnstarfsemin ekki traust verða færri afreksefni til staðar og til lengri tíma litið er þátttaka forsenda þess að eiga keppendur í fremstu röð. Meðal annarra atriða sem skipta máli eru stuðningur við íþróttafólk, íþróttamannvirki og þátttaka í alþjóðlegum verkefnum. Sérstaklega er farið yfir mikilvægi vísindalegrar nálgunar vilji þjóðir vera í fararbroddi í alþjóðlegri samkeppni afreksíþróttta. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar eru því fjórir mikilvægustu þættirnir fjárhagslegur stuðningur, skipulag og stefnumótun, þjálfarar og íþróttavísindi.

Mikill samhljómur er í tillögum starfshópsins og niðurstöðu SPLISS rannsóknarinnar. Fjallað var um fjárhagslegan stuðning og skipulag og stefnumótun í kafla 3, þjálfara í kafla 2.3.7. og íþróttavísindi í kafla 2.2.8.

### 3.6 Afrekssjóður til framtíðar

Þær breytingar sem starfshópurinn leggur til er annars vegar að afrekssambönd muni aðeins eiga rétt á styrkjum úr Afrekssjóði ÍSÍ út frá viðmiðum um árangur og hins vegar að stofnaður verði sérstakur launasjóður afreksíþróttafólks og þjálfara.


Þrátt fyrir að starfshópurinn leggi til að færri sérsambönd fái úthlutað úr Afrekssjóði ÍSÍ, líkt og gert er í nágrannalöndunum, er samt sem áður gert ráð fyrir að önnur sérsambönd geti notið stuðnings á öðrum forsendum. Sú hugmyndafræði gengur út á að hækka grunnstyrk til sérsambanda þannig að þau geti unnið að langtíma þróunarstarfi. Einnig er talið mikilvægt að sérsambönd sem uppfylla ekki skilyrði Afrekssjóðs, en hafa gildi fyrir íslenskt samfélag í sögulegu samhengi og vegna mikillar ástundunar, geti fengið stuðning við sína starfsemi. Mikilvægt er að úthlutun úr Afrekssjóði verði gagnsæ og að árangur og líkur á árangri einstaklinga og liða verði metinn eftir bestu þekkingu og sérfræðikunnáttu hverju sinni. Gera má ráð fyrir að um einn þriðji sérsambanda muni flokkast sem afrekssambönd og tveir þriðju sem verkefnasambönd.



Fimleikakonan Thelma Aðalsteinsdóttir

Nýjum launasjóði væri ætlað að tryggja launagreiðslur til afreksíþróttafólks og þjálfara út frá mati og árangri og stuðningsþörf. Starfshópurinn telur jafnframt að styðja þurfi við íþróttafólk sem líklegt er að nái árangri í fremstu röð og koma þannig í veg fyrir að of mikið bil myndist milli núverandi afreksíþróttafólks og næstu kynslóðar. Einnig gæti hópur efnilegs íþróttafólks frá 15 ára aldri, samkvæmt skilgreiningum AMÍ, átt rétt á stuðningi frá Afrekssjóði ÍSÍ til að standa straum af kostnaði við hæfileikamótun. Með hæfileikamótun er átt við að unnið verði náið með einstaklinga til lengri tíma, þau verði styrkt vegna þjálfunar auk þess sem þau hafi greitt aðgengi að fagteymi og ráðgjöf í gegnum AMÍ.

Ljóst er að umtalsverðar breytingar þurfa að eiga sér stað í tengslum við Afrekssjóð verði framangreindar tillögur að veruleika, m.a. hvað varðar úthlutun og skilyrði sjóðsins.



Mynd 7. Tillaga starfshópsins að nýju sjóðakerfi fyrir íþróttahreyfinguna

### 3.7 Stuðningur ríkisins við afreksstarf

Beinn stuðningur ríkisins við íþróttastarf er í meginatriðum þríþættur. Stutt hefur verið við rekstur ÍSÍ og sérsambanda auk þess sem fjármagn rennur til Afrekssjóðs ÍSÍ. Í meðfylgjandi yfirliti má sjá fjárhæðir í fjárlögum til þessara þátta þrjú af síðustu fimm árum. Allar upphæðir eru í íslenskum krónum.

Tafla 1. Stuðningur vegna rekstrar ÍSÍ, ríkisstyrkur til sérsambanda og framlög til Afrekssjóðs

Liður	2019	2021	2023
Rekstrarstyrkur ÍSÍ	161.000.000	163.000.000	170.000.000
Ríkisstyrkur sérsambanda	98.000.000	100.000.000	100.000.000
Afrekssjóður	400.000.000	392.000.000	392.000.000
<b>Samtals</b>	<b>639.000.000</b>	<b>625.000.000</b>	<b>662.000.000</b>

Samkvæmt ársskýrslu ÍSÍ fékk Sundsamband Íslands 18,6 m.kr. úr Lottó árið 2022, 4,5 m.kr. í útbreiðslustyrk, 38,3 m.kr. úr Afrekssjóði og 3,4 m.kr. í ríkisstyrk. Samtals voru um 65 m.kr. að koma í gegnum ÍSÍ frá Lottó og stjórnvöldum en velta sambandsins árið 2022 var tæplega 121 m.kr. Það ár fór Sundsamband Íslands með 106 aðila, bæði keppendur og fylgdarfólk í tíu keppnir erlendis auk annarrar starfsemi.

### 3.8 Stuðningur opinberra aðila á Norðurlöndunum

Í meðfylgjandi töflu má sjá samanburð á heildar fjárhæðum til íþróttastarfs í fjárlögum á Norðurlöndunum þrjú af síðustu fimm árum. Allar upphæðir eru í íslenskum krónum.

**Tafla 2. Samanburður á fjárhæðum til íþróttastarfs á fjárlögum Norðurlandanna**

Land	2019	2021	2023
Ísland	1.130.600.000	1.196.100.000	1.167.000.000
Danmörk	17.459.699.600	17.559.789.600	17.561.791.400
Finnland	23.783.788.600	17.612.622.400	22.947.410.000
Noregur	37.693.999.407	42.556.535.724	43.375.040.079
Svíþjóð	26.035.239.157	25.938.829.000	25.938.829.000

Samantekt á stuðningi stjórnvalda við afreksíþróttamiðstöðvar Norðurlandanna árið 2023 má sjá í eftirfarandi töflu:

**Tafla 3. Framlög til afreksíþróttamiðstöðva Norðurlandanna**

Land	Framlag stjórnvalda	Framlag samstarfsaðila	Samtals
Danmörk	1.897.750.800	1.383.349.000	3.281.099.800
Finnland	2.970.000.000	2.970.000.000	5.940.000.000
Noregur	2.227.000.000	896.040.000	3.123.040.000
Svíþjóð	2.700.000.000	1.350.000.000	4.050.000.000

### 3.9 Hlutverk ríkisins vegna stuðnings við afreksíþróttir til framtíðar

Beinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins við afreksíþróttir hefur hingað til að stærstum hluta runnið beint til Afrekssjóðs ÍSí. Með aukinni fagmennsku og fjárfestingu í afreksstarfi á alþjóðavísu er mikilvægt að búa enn betur að afreksstarfi hérlendis sé vilji til að ná árangri í alþjóðlegum samanburði. Hlutverk ríkisins ætti fyrst og fremst að vera helst fylgið í því að skapa umgjörð svo afreksstarf geti þróast áfram. Getur það m.a. verið gert með fjárhagslegum stuðningi við afreksstarf t.a.m. með stofnun AMÍ, uppbyggingu þjóðarleikvanga í íþróttum í samstarfi við sveitarfélög, stuðningi við menntakerfi og vísindastarf sem byggir undir frekari fagmennsku tengda íþróttar- og afreksstarfi.

Stuðningur ríkisins við íþróttastarf byggir að hluta til á íþróttalögum, nr. 64/1998. Voru þau samin þegar samfélagsgerð hér á landi var um margt frábrugðin nútíma samfélagi. Íþróttir og hreyfing hafa allt annan sess og hlutverk í nútímasamfélagi en á þeim tíma sem löggin voru samin.

Út frá tillögum starfshópsins um bættan stuðning við framfærslu afreksíþróttafólks, minni kostnaðarþátttöku einstaklinga í landsliðsstarfi, stuðning við afreksstarf

sérsambanda og grunnstyrk til sérsambanda auk stofnunar AMÍ og aukinnar faglegrar vinnu með afreksbrautum og vísindasamfélagi er mat hópsins að fjárframlög þurfi að þróast með auknum fjölda afreksíþróttafólks, auknum fjölda sérsambanda og væntinga um aukinn árangur eftir því sem árin líða. Áætlað er að stöðugildi verði 15-35 fyrir afreksíþróttafólk í tveimur flokkum fyrstu fimm árin. Á sama tímabili er áætlað að 15-23 stöðugildi séu til ráðstöfunar fyrir afreksþjálfara. Hægt verði að skipta stöðugildum niður í starfshlutfall út frá þörf og aðstæðum viðkomandi íþróttamanns og þjálfara. Gera má ráð fyrir að ungir íþróttamenn sem njóti stuðnings vegna hæfileikamótunar frá 15 ára aldri verði milli 40 og 50 í heildina úr ólíkum íþróttagreinum.



Landslið Íslands í karlaflokki í körfuknattleik

Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir kostnaði upp á 2.124 m.kr. fyrsta árið, 2.823 m.kr. tveimur árum síðar og 3.559 m.kr. þegar verkefnið verði að fullu komið til framkvæmda. Um er að ræða framfærslukostnað og umgjörð vegna afreksíþróttafólks, framlög til sérsambanda, framlög vegna kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi, framlög til AMÍ o.fl. Þar af er gert ráð fyrir að stór hluti kostnaðarins verði laun og framfærsla afreksíþróttafólks og þjálfara, sérfræðinga AMÍ og starfsmannakostnaður sérsambanda, sem geti fyrsta árið numið vel yfir 1.000 m.kr. Þá verði kostnaður við framlag heilbrigðisstarfsfólks til afreksstarfs um 120 m.kr.

Til samanburðar er rétt að benda á að framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ var 392 m.kr. árið 2023. Ríkisstyrkur til rekstrar sérsambanda var á sama ári 102 m.kr. og framlag í Ferðasjóð íþróttafélaganna var 126,9 m.kr. Mat starfshópsins er að framlög til Ferðasjóðs íþróttafélaganna og grunnstyrkur til sérsambanda þyrfti a.m.k. að þrefaldast til að styðja við íþróttastarfsemi um land allt.

### 3.10 Sérstaða Íslands

Krafa um þátttöku á alþjóðlegum mótum er sú sama fyrir öll lið og þátttakendur en það sem helst getur útskýrt mun á tilkostnaði er vegna ferðalaga. Sé tekið mið af höfðatölu, er Ísland ágætlega stutt hvað varðar stuðning við afreksíþróttastarf miðað við Norðurlöndin. Starfshópurinn telur mikilvægt að hafa í huga að slíkur samanburður getur verið villandi í ljósi þess að grunnkostnaður við rekstur landsliða er sá sami óháð íbúafjölda hvers lands.

Í því samhengi eru þrjú atriði sem vert er að benda á. Í fyrsta lagi er íbúafjöldi takmarkaður hér á landi og þ.a.l. myndast ekki miklar tekjur af áhorfendum. Í öðru lagi er Ísland dreifbýl eyja og er ferðakostnaður mikill bæði innanlands og fyrir afreksíþróttafólk sem býr hér á landi en tekur þátt í alþjóðlegum keppnum erlendis. Í þriðja lagi er mikill metnaður á Íslandi að taka þátt í sem flestum landsliðsverkefnum í ólíkum greinum og því hefur mörgum sérsamböndum reynst óhjákvæmilegt að krefjast kostnaðarhlutdeildar frá þátttakendum. Í ljósi framangreinds er mikil hætta á því að fjárhagur og búseta geti haft áhrif á möguleika íþróttafólks í afreksstarfi.



Mynd 8. Sérstaða Íslands

### 3.11 Tillögur starfshóps

- Efla Afrekssjóð ÍSÍ og markvisst sé unnið eftir afreksstefnu.
- Afrekssérsambönd styrkt sérstaklega og unnið markvisst að því að ná auknum árangri, skilgreina þarf afrek betur.
- Aukið fjármagn frá stjórnvöldum til reksturs sérsambanda sem tryggir grunnstarfsemi þeirra.
- Launasjóður afreksíþróttafólks og þjálfara stofnaður.
- Styrkja hæfileikamótun næstu kynslóðar, bæði í einstaklings- og hópíþróttum.
- Niðurstöður SPLISS rannsóknar verði stefnumarkandi í íslensku afreksstarfi.

## 4. Stuðningur sveitarfélaga og atvinnulífs

Sveitarfélög hafa mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu íþróttastarfs um land allt. Aðkoma sveitarfélaga að íþróttastarfi hefur til þessa helst verið með frístundastyrkjum til barna og ungmenna, uppbyggingu íþróttamannvirkja, samningum við íþróttafélög um rekstur og þjónustu auk stuðnings við einstaklinga og lið vegna þátttöku í verkefnum landsliða og félagsliða. Atvinnulífið hefur komið að stuðningi við íþróttahreyfinguna og íþróttafólk með ýmsum hætti. Til að heildarumgjörð íþróttastarfs í landinu verði sem best er nauðsynlegt að sveitarfélög, samtök þeirra og atvinnulíf komi með enn markvissari hætti að uppbyggingu íþróttastarfs og afreksstarfs.

### 4.1 Sveitarfélög og íþróttastarf

Sveitarfélög landsins eru 64 talsins. Aðkoma þeirra að íþróttastarfi hefur aðallega miðað að því að tryggja tækifæri til þátttöku í skipulögðu íþróttastarfi í heimabyggð. Nýliðun í íþróttastarfi og faglegt starf með börnum og ungmennum er lykill að framtíðar árangri á alþjóðlegum vettvangi. Góð umgjörð sem sköpuð er í nærsamfélagi er því mikilvægur þáttur í uppbyggingu alls íþróttastarfs. Í því samhengi er rétt að benda á mikilvægi íþróttakennslu í grunnskólum sem er grunnstoð í heilsu og hreyfiuppeldi ungra Íslendinga auk þess að styðja við og leggja grunn að viðhorfum gagnvart íþróttum og hreyfingu til lengri tíma.



Síðustu áratugi hafa sveitarfélög komið vel að uppbyggingu mannvirkja víða um land, sem mörg hver nýttast jafnframt fyrir skólastarf. Sveitarfélög hafa stutt við landsliðsstarf með láni eða hóflegu gjaldi vegna leigu á aðstöðu fyrir æfingar.

Mörg sveitarfélög eru með sínar eigin stefnur um íþróttamál og lýðheilsu. Þar er íþróttahreyfingin mikilvægur þátttakandi í forvörnum með því að bjóða upp á hreyfingu sem uppfyllir ráðleggingar um hreyfingu og takmörkun kyrrsetu. Mörg sveitarfélög vinna eftir samkomulagi um heilsueflandi samfélag í samstarfi við embætti landlæknis. Markmið verkefnisins er að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Flest sveitarfélög gera samninga við íþróttafélög innan sinna bæjarfélaga um stuðning við rekstur og skilgreiningu á þjónustu sem veitt er börnum og ungmennum í sveitarfélaginu. Algengt er að sveitarfélög veiti foreldrum/forsjáraðilum stuðning í gegnum frístundastyrk með það að markmiði að sem flestir geti tekið þátt í skipulögðu starfi, enda óvída jafnmikil þátttaka barna í skipulögðu íþróttastarfi og á Íslandi.

Á ráðstefnunni *Vinnum gullið* voru þátttakendur beðnir um að nefna þrjú atriði sem sveitarfélög ættu að einblína á varðandi eflingu íþróttastarfs í nærumhverfi sínu. Langflestir nefndu aðstöðu og/eða aðgengi að aðstöðu. Annað sem oft var nefnt var tenging við skóla. Að sveitarfélög hefðu afreksíþróttafólk eða afreksíþrótttaefni í starfi og að styðja við íþróttafélög til að tryggja gæði þjálfunar.

## 4.2 Stuðningur sveitarfélaga við afreksíþróttir til framtíðar

Sveitarfélög hafa stutt vel við grundvöll íþróttastarfseminnar og komið til móts við þarfir landsliða vegna æfinga og keppni. Að mati starfshópsins er nauðsynlegt að sveitarfélög landsins komi markvisst að uppbyggingu íþróttastarfs, þá ekki síst afreksþættinum.

Auka þarf samtal og samvinnu allra sveitarfélaga, ásamt aðkomu íþróttahreyfingarinnar, um framtíðar uppbyggingu íþróttamannvirkja í landinu til að tryggja faglegt starf sem flestra íþróttagreina. Með sameiginlegri uppbyggingu mannvirkja og samvinnu um rekstur geta skapast tækifæri til betri nýtingar fjármuna. Starfshópurinn leggur til að Samband íslenskra sveitarfélaga marki sér stefnu og komi með auknum krafti að samræmingu ofangreindra þátta.

Skilgreina þarf betur aðgengi að íþróttamannvirkjum. Ekki er til samræmd áætlun um aðgengi landsliða og afreksíþróttafólks að mannvirkjum sveitarfélaga um landið. Í samtölum sem hópurinn hefur átt við fulltrúa íþróttafólks og íþróttahreyfingarinnar hafa komið fram ábendingar um að gera þurfi betur svo afreksíþróttafólk hafi tryggan aðgang að æfingaaðstöðu sem hentar markmiðum og skipulagi þjálfunar þeirra. Í því samhengi má benda á að víða á Norðurlöndunum eru íþróttamannvirki sveitarfélaga aðgengilegri fyrir afreksíþróttafólk og þjálfara þeirra. Með nútímatækni skapast ýmiss konar möguleikar til aðgengis að aðstöðu þar sem hver ber ábyrgð á sér samkvæmt samkomulagi, þar sem öryggi og eftirlit getur verið tryggt með rafrænni vöktun.




Stuðningur sveitarfélaga við þátttakendur í landsliðsstarfi er víða til staðar. Með auknum tilkostnaði við landsliðsferðir og kostnaðarþátttöku íþróttafólks hafa styrkir sveitarfélaga almennt ekki náð að halda í við þróun. Stuðningur sveitarfélaga til þátttakenda í landsliðsstarfi þarf að hækka til að koma betur til móts við íþróttafélög, íþróttafólkið og fjölskyldur þeirra.

Unnið er að útfærslu starfsstöðva til eflingar íþróttastarfs á landsvísu. Samkvæmt samningi ÍSÍ, UMFÍ og mennta- og barnamálaráðuneytis munu átta svæðisskrifstofur þjónusta öll 25 íþróttahéruð landsins og ná til tæplega 500 íþróttta- og ungmennafélaga um allt land og allra iðkenda á öllum aldri. Unnið er að frekari útfærslu hlutverka og starfsemi svæðisskrifstofanna. Ásamt svæðisskrifstofunum verður komið á fót Hvatasjóði þar sem aðilar innan íþróttahreyfingarinnar geta sótt um stuðning við verkefni sem miða t.d. að útbreiðslu íþróttta og aukinni þátttöku barna í íþróttastarfi.

Svæðisskrifstofurnar gætu gegnt mikilvægu hlutverki í samstarfi við AMÍ í vinnu með afreksefnum um land allt í samstarfi við þjálfara, íþróttafélög, sérsambönd, sveitarfélög og menntastofnanir. Þær geta gegnt mikilvægu hlutverki varðandi eflingu íþróttastarfs um land allt, t.d. með því að safna saman upplýsingum um íþróttaaðstöðu, íþróttastarf, íþrótttaefni og þjálfara á sínu svæði. Út frá slíkum greiningum væri hægt að vinna markvisst að uppbyggingu starfsins og þátttakenda.

Víða á Norðurlöndunum þekkist að sveitarfélög, í samstarfi við íþróttahreyfinguna, bjóði stuðning við íþróttaviðburði, uppbyggingu mannvirkja eða annarrar starfsemi sem dregur að sér gesti og hefur þannig jákvæð áhrif á verslanir og þjónustuveitendur í sveitarfélaginu eða landshlutanum. Þar eru sveitarfélög í samstarfi við íþróttahreyfinguna komin lengra í hagrænum greiningum á íþróttaviðburðum og mótahaldi. Samkeppni getur myndast milli sveitarfélaga um að íþróttakeppnir og landsliðsverkefni fari fram í þeirra sveitarfélagi. Starfshópurinn telur æskilegt svo hægt sé að auka mótahald hér á landi og um leið að efla faglega umgjörð íþróttastarfs að komið verði á fót ákveðnu hvatakerfi sem styður innlent og alþjóðlegt mótahald. Í því samhengi er lagt til að sveitarfélög geti öðlast ákveðna vottun sem *íþróttasveitarfélag* og þannig aukið hvata þeirra til mótahalds. Mikilvægt er að Samband íslenskra sveitarfélaga, í samstarfi við íþróttahreyfinguna, móti raunhæfa stefnu og skilyrði þess að teljast *íþróttasveitarfélag*.



**Mynd 9. Drög að svæðaskiptingu fyrir átta nýjar svæðisskrifstofur til eflingar íþróttastarfs og farsældar á landsvísu**


### 4.3 Stuðningur atvinnulífs við afreksíþróttir

Í gegnum tíðina hafa íslensk fyrirtæki styrkt íþróttahreyfinguna og íþróttafólk með myndarlegum hætti. Oftar en ekki er stuðningurinn veittur beint til eininga íþróttahreyfingarinnar eða íþróttafólks í nærumhverfi fyrirtækjanna.

Fjármögnun afreksstarfs krefst aðkomu margra aðila sem stutt geta við starfið með ólíkum hætti. Getur þar bæði verið um að ræða vörur og þjónustu sem og beinan fjárhagslegan stuðning. Vinna þarf með markvissum hætti að því að fá fyrirtæki og samtök þeirra til að styðja við afreksstarfið og verða þátttakendur í því að byggja upp faglegt íþróttastarf með það að markmiði að ná árangri á alþjóðavísu. Þar geta skattalegir hvatar sem fyrirtækjum bjóðast haft mikið að segja sem hvatning til að leggja fram fjármuni í afreksíþróttastarf. Hægt væri að koma á fót ákveðnu kerfi, líkt og skattalegum hvötum sem gæti haft jákvæð áhrif á vilja fyrirtækja til að leggja fram fjármuni í afreksíþróttastarf. Á

ráðstefnunni *Vinum gullið* voru ráðstefnugestir fengnir til að nefna þrjú atriði sem atvinnulífið gæti komið að til eflingar afreksíþróttastarfs á Íslandi. Þrjú atriði voru oftast nefnd en það voru auknir styrkir til íþróttastarfs, svigrúm frá vinnuveitenda svo íþróttafólk geti sinnt æfingu eða keppni og að fyrirtæki hefðu sérstök stöðugildi ætluð afreksíþróttafólki.

Afreksíþróttamiðstöðvar í nágrannalöndunum eiga margar hverjar góða bakhjarla úr einkageiranum. Víða er innkoma frá styrktaraðilum yfir 30% af tekjum afreksmiðstöðva líkt og sjá má í töflu 3 sem fjallað er um í kafla 3.8. Eðlilegt væri að horfa til sambærilegs hlutfalls hér á landi.



Mynd 10. Samstarfsaðilar – fjármögnun

## 4.4 Tillögur starfshóps

- Samræma stefnumörkun sveitarfélaga vegna málefna tengdum íþrótt- og afreksmálum á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- Samræma uppbyggingu íþróttamannvirkja og aðgengi að íþróttamannvirkjum. Samstarf Sambands íslenskra sveitarfélaga og íþróttahreyfingarinnar.
- Auka stuðning sveitarfélaga vegna þátttöku íþróttafólks í landsliðsverkefnum.
- Safna upplýsingum um íþróttastarf og mannauð um allt land. Svæðisskrifstofur geta gegnt mikilvægu hlutverki.
- Vinna að tillögum um hvernig meta megi hagræn áhrif íþróttastarfs í sveitarfélögum.
- Móta stefnu og skilyrði um *íþróttasveitarfélag*.
- Efla þátttöku atvinnulífsins í uppbyggingu íþrótt- og afreksstarfs.

## 5. Réttindi afreksíþróttafólks

Til að ná árangri á alþjóðamælikvarða er mikilvægt að afreksíþróttafólk geti sinnt sinni íþrótt af fullum hug. Líkt og áður hefur verið nefnt fer gríðarlegur tími þeirra í æfingar, æfingaferðir og keppnisferðir. Áhyggjur afreksíþróttafólks af fjárhagsstöðu sinni og réttindum geta haft neikvæð áhrif á frammistöðu og áhugahvöt þeirra.

### 5.1 Réttindamál afreksíþróttafólks

Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um hagsmunamál íslensks afreksíþróttafólks. Afreksíþróttafólk hefur bent á að íþróttafólk annarra þjóða njóti oft en ekki meiri stuðnings og betri umgjarðar en tekist hefur að skapa á Íslandi. Starfshópurinn hafði samband við afreksíþróttafólk í ýmsum íþróttagreinum, m.a. sundi, borðtennis, kraftlyftingum, knattspyrnu og handbolta. Öll voru þau sammála um að stuðningur og utanumhald mætti vera betra og að ekki sé nægilega vel búið að þeim.

Fjárhagsstuðningur til afreksíþróttafólks á Íslandi hefur verið takmarkaður og aðallega í formi styrkja, sérstaklega til þeirra sem stunda einstaklingsíþróttir, sem veldur því að þau vinna sér ekki inn sambærileg réttindi og jafnaldrar þeirra sem stunda reglubundna vinnu. Oft er gerður verktakasamningur við afreksíþróttafólk eða þau hljóta styrki. Ungt fólk er fæst með hugann við fjárhagsstöðu sína í framtíðinni og hvað þá að loknum íþróttuferli. Eins og fjallað var um í kafla 2.2.6. er lagt til að eitt af hlutverkum AMÍ verði að fræða og leiðbeina íþróttafólki um ýmsa þætti er snúa að réttindum þeirra hvort heldur er almannatryggingum eða vinnumarkaðstengdum réttindum og fjárhagslegri umgjörð.



Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir á Ólympíuleikunum í Peking 2022

## 5.2 Erlendur samanburður

Fyrirkomulag fjárhagslegs stuðnings við afreksíþróttafólk og þjálfara er um margt sambærilegur hér á landi og í nágrennalöndunum.

Hvað afreksíþróttafólk varðar er helst tvennt sem skilur á milli, annars vegar er fjárstuðningur nágrennalandanna hærrí og hins vegar kemur stuðningurinn í meira mæli frá atvinnulífinu og sveitarfélögum. Í flestum tilfellum er íþróttafólkið ráðið til starfa sem verktakar eða njóta stuðnings í formi styrkja frá heildarsamtökum í samvinnu við viðkomandi sérsamband, félag/deild auk sveitarfélags og með aðkomu styrktaraðila. Sjaldnast er afreksíþróttafólkið launþegar nema þegar viðkomandi er að nafninu til í opinberum störfum sem þekkt sérstaklega í Austur-Evrópu. Afreksíþróttafólk í fremstu röð sem stundar hópíþróttir eru aftur á móti oft launþegar hjá sínu liði. Þjálfarar njóta oft launa frá nokkrum mismunandi aðilum eins og afreksmiðstöð, sérsamböndum, afrekssviðum, íþróttafélögum og sveitarfélögum. Misjafnt er hvernig launum afreksíþróttafólks er háttað og ekki eingöngu á Íslandi þar sem betur þarf að tryggja fjárhagslegt öryggi og réttindi afreksíþróttafólks.

*Afreksíþróttafólk ræðir réttindamál við Kristjönu Arnarsdóttur á ráðstefnunni Vinnum gullið, f.v. Björgvin Páll Gústavsson, Anton Sveinn McKee, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Sif Atladóttir*



### 5.3 Réttindalöggjöf til framtíðar

Starfshópurinn leggur mikla áherslu á að stofnaður verði launasjóður eða komið á sambærilegu fyrirkomulagi sem tryggir launagreiðslur til afreksíþróttafólks og þjálfara út frá mati á árangri og stuðningsþörf. Íþróttafólk og þjálfarar geti fengið stuðning í mislangan tíma og í ólíku starfshlutfalli eftir þörfum. Tryggja þarf fjárveitingu svo íþróttafólk og þjálfarar sem standast árangursviðmið njóti sjálfkrafa stuðnings. Lagt er til að mat á stuðningi verði á vegum sérfræðinga AMÍ en útfæra þarf fyrirkomulag og ut anumhald sjóðsins í nánu samstarfi við þau ráðuneyti sem að honum gætu komið ásamt ÍSÍ og AMÍ. Við það að launþegasamband myndast við íþróttafólkið og þjálfara mun launagreiðandi standa skil á launatengdum gjöldum og launþegarnir ávinna sér ýmis vinnumarkaðstengd réttindi. Margt af fremsta íþróttafólki landsins í hópíþróttum er nú þegar í atvinnumennsku erlendis og þarf því ekki stuðning vegna framfærslu nema í undantekningartilfellum og því um mjög afmarkaðan hóp að ræða. Mikilvægt er að afreksíþróttafólk hafi aðgang að ráðgjöf og stuðning hjá AMÍ vegna þátta er snúa m.a. að vinnumarkaðstengdum réttindum.

### 5.4 Aðgengi að heilbrigðiskerfi

Góð heilsa og líðan afreksíþróttafólks er mikilvæg forsenda þess að ná langt í íþróttum. Á sama tíma er ljóst að fjölmargt íþróttafólk meiðist eða verður fyrir einhverjum líkamlegum skakkaföllum á sínum íþróttuferli. Í því ljósi er mikilvægt að til staðar sé öflugt teymi sérfræðinga á sviði endurhæfingar og meðhöndlunar íþróttameiðsla. Sérfræðiþjónusta á þessu fagsviði er mjög frambærileg á Íslandi og almennt er staðan góð. Engu að síður er mikilvægt að efla, samhæfa og sérhæfa sérfræðiþjónustu fyrir afreksíþróttafólk hér á landi svo hún geti talist sambærileg nágrannalöndum okkar. Lykilatriði er að samþætta þekkingu og úrræði út frá vísindarannsóknnum og þróun á sviði íþróttalækninga, íþróttavísinda og íþróttændurhæfingar.

Líkt og fjallað var um í kafla 2.2.3 er lagt til að eitt af mikilvægustu hlutverkum AMÍ verði að vera tengiliður afreksíþróttafólks og heilbrigðiskerfisins.

### 5.5 Erlendur samanburður

Víða erlendis er að finna sérhæfða aðstöðu til mælinga fyrir afreksíþróttafólk, bæði í þjálfun og endurhæfingu. Rekstrarfyrirkomulag og uppsetning er ólík milli landa. Á ráðstefnunni *Vinnum gullið* fjölluðu aðilar frá Olympiatoppen í Noregi og LIHPS í Lúxemborg um mikilvægi sinna rannsóknarmiðstöðva í tengslum við bættan árangur afreksíþróttafólks landsins. Eru þessar miðstöðvar mannaðar sérfræðingum sem vinna eingöngu við íþróttir og með afreksíþróttafólki eins og lækna, sjúkraþjálfarar, nuddarar, sálfræðingar og næringarfræðingar. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir meiðsli og aðra kvilla sem herjað geta á afreksfólk í íþróttum auk þess að fá skjóta greiningu sérfræðinga ef um meiðsli eða vanlíðan er að ræða.

## 5.6 Framtíðarfyrirkomulag

Með bættri þjónustu vegna heilbrigðistengdra þátta er aðgengi að greiningu og viðeigandi meðhöndlun afreksíþróttafólks betur tryggð. Aðgengi að heilbrigðiskerfinu hefur verið mikilvægur þáttur í vinnu starfshópsins. Rík áhersla hefur verið lögð á útfærslu framtíðarfyrirkomulags um aðgengi afreksíþróttafólks að heilbrigðiskerfinu. Starfshópurinn leggur til að AMÍ geri samninga við einkarekna starfsemi um heilbrigðisþjónustu. Með því væri betur unnt að tryggja heilbrigðisþjónustu sem uppfyllir þarfir íþróttafólks í fremstu röð. Umtalsverður hagur er fyrir afreksíþróttafólk að því sé tryggt aðgengi að greiningu og viðeigandi meðhöndlun á sem skemmstum tíma. Við samningsgerðina væri unnt að leita eftir ráðgjöf Sjúkratrygginga Íslands sem hafa reynslu og þekkingu á gerð slíkra samninga.

Tryggja þarf heimild miðstöðvarinnar til að vinna að sérhæfðri meðferð og endurhæfingu afreksíþróttafólks og koma til móts við þarfir og markmið þeirra. Mikilvægt er að unnið sé markvisst með afreksíþróttafólkinu að fyrirbyggjandi aðferðum til að koma í veg fyrir meiðsli og önnur áföll afreksíþróttafólks. Verði tillaga starfshópsins að veruleika og afreksmiðstöð stofnuð munu tækifæri myndast til sköpunar og miðlunar þekkingar hjá sérfræðingum sem vinna eingöngu með afreksfólki í íþróttum.

Starfshópurinn bendir á mikilvægi þess að tryggingamálum innan íþróttahreyfingarinnar sé komið í betra horf. Á það við um allt starf á vegum íþróttahreyfingarinnar bæði á æfingum og í keppni innan- og utanlands. Mikilvægt er að þátttakendur séu upplýstir um þá tryggingavernd sem er í gildi. Vinna þarf að langtíma samningum fyrir íþróttahreyfinguna og einingar hennar við aðila sem bjóða upp á tryggingar.

## 5.7 Tillögur starfshóps

- Launasjóður afreksíþróttafólks og þjálfara stofnaður.
- AMÍ geri samninga við einkarekna starfsemi um heilbrigðisþjónustu fyrir afreksíþróttafólk.
- Ráðgjöf til afreksíþróttafólks vegna skatta, lífeyrismála og trygginga.
- Betra fyrirkomulag vegna tryggingamála íþróttahreyfingarinnar.

## 6. Kostnaðarpáttaka

Flestum íslenskum sérsamböndum hefur reynst óhjákvæmilegt annað en að krefjast hlutdeildar páttakenda í kostnaði við landsliðsverkefni. Hefur það meðal annars farið eftir fjárhagsstöðu sérsambanda, stuðningi sveitarfélaga og íþróttafélaga, auk kostnaðar við verkefnin og aldri páttakenda hversu hátt hlutfall af kostnaði einstaklingar hafa þurft að leggja til.


### 6.1 Kostnaðarpáttaka í landsliðsstarfi

Í flestum tilfellum borgar íþróttafólk fyrir páttöku í landsliðsverkefnum hvort sem þau eru í unglingsflokkum eða landsliðum fullorðinna.

Samkvæmt gögnum frá sérsamböndum ÍSÍ var kostnaðarpáttaka iðkenda vegna afreksstarfs um 204 milljónir árið 2022. Foreldrar þurfa oft að borga stærstan hluta af kostnaði barna sinna vegna verkefna landsliða. Ljóst er að ekki hafa allar fjölskyldur efni á slíkum útgjöldum. Því er veruleg hættu á að efnahagur fjölskyldna hafi áhrif á möguleika ungmenna til páttöku í afreksstarfi.

**Samkvæmt upplýsingum frá Körfuknattleikssambandi Íslands sendi sérsambandið átta ungmennalandslið til keppni í þrettán verkefni sumarið 2023.**

**Kostnaðarpáttaka í þessum verkefnum, þrátt fyrir niðurgreiðslu KKÍ, var að meðaltali 267.222 kr. fyrir hvern keppanda. Lægsta upphæðin sem keppendur þurftu að greiða var 214.371 kr. og sú hæsta 386.145 kr.**



Mynd 11. Sundurliðaður kostnaður vegna afreksstarfs sérsambanda árið 2022

Samkvæmt uppgjöri frá sérsamböndum sem fengu úthlutun úr Afrekssjóði ÍSÍ fyrir árið 2022 var kostnaður vegna afreksstarfs um 1,7 milljarður. Eins og sjá má á mynd 11 var kostnaður sérsambanda vegna móta og æfingabúða tæplega einn milljarður og af þeim voru iðkendur að greiða rúmlega 200 milljónir.

Í flestum nágrannalöndunum þarf fullorðið landsliðsfólk ekki að bera kostnað vegna þátttöku í landsliðsferðum. Í einhverjum tilfellum þurfa ungmenni að borga hluta á móti sérsamböndum en nágrannalöndin gera þó betur við sitt landsliðsfólk þegar kemur að kostnaðarþátttöku í landsliðsstarfi.

## 6.2 Horft til framtíðar

Að taka þátt í landsliðsstarfi ætti ekki að vera íþyngjandi fyrir iðkendur og fjölskyldur þeirra. Skapa þarf sérsamböndum grundvöll til að geta staðið undir landsliðsstarfi sem er sambærilegt að gæðum og umfangi við keppinautana. Til þess er þörf á samstilltu átaki margra aðila. Felur það m.a. í sér aukinn fjárhagslegan stuðning við sérsambönd. Aukna aðkomu sveitarfélaga að stuðningi við afreksíþróttastarf og afreksíþróttafólk með beinum eða óbeinum hætti. Hópurinn metur að þörf fyrir stuðning sé frá 250 til 330 milljónum króna árlega næstu fimm árin til að koma til móts við kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi.

Nauðsynlegt er að meta með reglubundnum hætti þátttöku sérsambanda í alþjóðlegum verkefnum. Þátttaka þarf að taka mið af stöðu sérsambanda og þróun íþróttarinnar innanlands sem utan og þeim stuðningi við þátttöku sem veittur er.

Landsliðsfólk í fullorðinsflokki ætti ekki að bera kostnað af skilgreindum landsliðsverkefnum. Í framtíðinni er jafnframt æskilegt að íþróttafólk í unglingsflokkum beri ekki þann kostnað.

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur frá árinu 2007 fengið árlegt framlag á fjárlögum Alþingis. Sjóðurinn styrkir íþrótt- og ungmennafélög vegna keppnisferða innanlands á styrkhæf mót. Ferðasjóðurinn hefur reynt mikilvægur í að jafna aðgengi íþróttafólks að keppnum og koma til móts við umtalsverðan ferðakostnað tengdan íþróttastarfi. Í samtölum starfshópsins við forsvarsfólk íþróttafélaga af landsbyggðinni lýstu þau yfir ánægju sinni með ferðasjóðinn og fyrirkomulag hans en bentu jafnframt á aukinn ferðakostnað sem gæti óhjákvæmilega haft áhrif á íþróttarþátttöku einstaklinga og liða, sérstaklega af landsbyggðinni. Jafnframt hefur verið bent á að yrði fjárstuðningur við Loftbrú aukinn gæti hann komið til móts við mikinn ferðakostnað af landsbyggðinni og aukið öryggi þátttakenda með því að draga úr akstri við misjafnar aðstæður. Loftbrú veitir afslátt af fargjaldi fyrir áætlunarleiðir til og frá höfuðborgarsvæðinu fyrir einstaklinga með lögheimili fjarri borginni. Markmiðið með Loftbrú er að bæta aðgengi landsbyggðar að miðlægri þjónustu í höfuðborginni. Starfshópurinn telur mikilvægt að ferðasjóður íþróttafélaga fái enn meiri fjárframlög svo hægt sé að koma betur til móts við aukinn

ferðakostnað einstaklinga og liða. Því til viðbótar er lagt til að stuðningur Loftbrúar geti jafnframt verið notaður í frekari tengslum við þátttöku í íþróttastarfi.

Fulltrúar íþróttafélaga á landsbyggðinni hafa komið því á framfæri að aðgengi að gistingu á höfuðborgarsvæðinu, gegn hóflegu gjaldi, geti skipt verulegu máli fyrir einstaklinga og lið sem taka þátt í íþróttastarfi á höfuðborgarsvæðinu. Það sama á við þátttakendur í landsliðsstarfi sem búsettir eru erlendis. Ekki er hægt að gera ráð fyrir því að allir geti útvegað sér gistingu á höfuðborgarsvæðinu í lengri eða skemmri tíma hjá skyldfólki án kostnaðar eða hafi fjárráð til að standa straum af kostnaði vegna dvalar á höfuðborgarsvæðinu sé hún greidd fullu verði. Mikilvægt er að koma á fyrirkomulagi sem eykur jafnræði einstaklinga alls staðar af landinu sem taka þátt í afreksstarfi.

### Ester Rún Jónsdóttir

20 ára afreksmanneskja í blaki frá Neskaupstað  
Gaf ekki kost á sér vegna kostnaðar!

### Tinna Rut Þórarinsdóttir

23 ára afreksmanneskja í blaki frá Neskaupstað, búsett í Reykjavík

2 x A-landsliðs verkefni tímabilið 2022-2023	
<b>Undankeppni EM</b>	
	
<p><b>Kostnaður Esterar</b></p> <p>Verkefnið 360.000 Ferðalög á æfingar 128.000 Gisting í Reykjavík í 6-8 vikur 120.000 Vinnutap 7 vikur 700.000 Samtals 1.308.000</p>	<p><b>Kostnaður Tinnu</b></p> <p>Verkefnið 360.000 Vinnutap í 10 daga 130.000 Samtals 490.000</p>
<b>Evrópumót smáþjóða</b>	
<p>Verkefnið 100.000 Ferðalög á æfingar 35.000 Gisting í Reykjavík í 3 vikur 60.000 Vinnutap 3 vikur 300.000 Samtals 495.000</p>	<p>Verkefnið 100.000 Vinnutap 3 dagar 50.000</p>
Samtals 1.803.000	Samtals 640.000

Mynd 12. Samanburður á kostnaði vegna landsliðsþátttöku í blaki

## 6.3 Tillögur starfshóps

- Aukinn fjárhagslegur stuðningur frá ríki og sveitarfélögum svo hægt sé að lágmarka kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi.
- Koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni með auknum stuðningi til Ferðasjóðs íþróttafélaga.
- Fyrirkomulag við Loftbrú verði endurskoðað.
- Tryggja betri samninga vegna ferðalaga innan- og utanlands.
- Tryggja betra aðgengi að gistaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu.

## 7. Afreksstarf á ólíkum skólastigum


Hlutverk og aðkoma ólíkra skólastiga að afreksíþróttum er grundvöllur þess að afreksíþróttafólki sé kleift að stunda nám samhliða því að stunda sína íþrótt. Mikilvægt er að leggja áherslu á hvernig unnið verði markvisst með hæfileika ungs framúrskarandi íþróttafólks í grunn-, framhalds-, og háskólum.

### 7.1 Stöðumat og mismunandi skólastig

Áhugavert er að skoða almenna þróun heilsutengdra þátta síðustu áratugi, eins og hreyfingu og líkamsþrek. Margar langtímarannsóknir, bæði íslenskar og erlendar, sem framkvæmdar hafa verið á undanförunum árum á hreyfimyndi barna og ungmenna á aldrinum 9 til 18 ára sýna að hreyfing þeirra minnkar um 7% og þrek minnkar um 2% á hverju á ári. Hreyfing ungmenna minnkar mest frá 13 til 16 ára aldurs (Johannsson o.fl. 2006; Dumith o.fl. 2011; Kalman o.fl. 2018; Stefánsdóttir o.fl. 2020). Rannsóknir hafa einnig sýnt að drengir hreyfa sig yfirleitt meira en stúlkur og eru almennt í betra formi. Drengir stunda hreyfingu með mikilli ákefð mun oft en stúlkur (Stefánsdóttir o.fl. 2020).

Nýlegar íslenskar rannsóknir hafa einnig sýnt fram á að hreyfing ungmenna á framhaldsskóla aldri eða frá 16 til 18 ára aldurs minnkar um 19% á tveimur

árum en umrædd minnkun á hreyfingu á sér fyrst og fremst stað á virkum dögum (Rögnvaldsdóttir o.fl. 2017; Stefánsdóttir o.fl. 2020). Þessar rannsóknir sýna einnig að aðeins um 50% 18 ára ungmenna stunda hreyfingu reglulega, sem verður að teljast alvarleg staða. Á Mynd 13 má sjá hlutfall einstaklinga á aldrinum 6-25 ára sem stunduðu skipulagðar íþróttir árið 2022, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ. Þar má sjá að um 90% barna á aldrinum 8-9 ára stunda skipulagðar íþróttir en aðeins um 40% á aldrinum 16-17 ára. Mikilvægt er að bregðast við brotthvarfi barna og ungmenna úr íþróttum.



**Mynd 13. Hlutfall einstaklinga 6-25 ára sem stunduðu skipulagðar íþróttir árið 2022**

Þrátt fyrir þessa neikvæðu þróun í tengslum við hreyfivirkni barna og ungmenna þá sýna tölur frá ÍSÍ að um 70% barna á aldrinum 10 til 14 ára stunda íþróttir. Aftur á móti við 17 ára aldur stunda einungis um 40% kvenna og 50% karla íþróttir (Gagnabanki, ÍSÍ 2022). Þessar staðreyndir gefa til kynna að brotthvarf úr skipulögðu íþróttastarfi sé mjög mikið á fyrstu árum nemenda í framhaldsskólunum.

## 7.2 Grunnskólar

Íþróttá- og tómskundastarf barna á Íslandi fram að 12 ára aldri er talið vera með því betra sem þekktist í Vestur-Evrópu. Byggir sú skoðun á því að vel menntaðir íþróttáfræðingar kenna íþróttir í flestum grunnskólum landsins auk þess að sinna þjálfun á vegum íþróttáfélaga. Flest íþróttáfélög á Íslandi leggja mikla áherslu á að þjálfun barna og ungmenna sé í höndum fagfólks og hafa mörg sveitáfélög fylgt þessu eftir og gert að forsendu fyrir fjárhagslegum stuðningi. Þess má geta að í Noregi, Svíþjóð og víða erlendis sjá foreldrar oft um þjálfun barna og ungmenna frá 6–12 ára í íþróttá- og tómskundastarfi.

Þrátt fyrir að faglegt starf með börnum og ungmennum sé nokkuð gott hér á landi eru samt sem áður tækifæri til bóta, t.d. með því að efla enn betur samstarf og samvinnu grunnskóla og íþróttáfélaga. Lagt er til að hlutverk sérfræðinga AMÍ verði að efla samvinnu grunnskóla og íþróttáhreyfingarinnar með það að leiðarljósi að tryggja fagmennsku við þjálfun. Í því samhengi er bæði mikilvægt að styðja við þjálfara og kennara og vinna markvisst með foreldrum efnilegra ungmenna með fræðslu og reglubundnu samráði með það að markmiði að draga úr mögulegu brotthvarfi úr íþróttum.



## 7.3 Framhaldsskólar

Umgjörð fremsta afreksíþróttafólks landsins hefur á undanförunum árum ekki haldið í við þróun erlendis. Samhliða hefur reglubundinni hreyfingu ungs fólks minnkað og brotthvarf úr íþróttum á framhaldsskólaaldri er áfram mikið. Því er ljóst að skoða þurfi umgjörð íþróttafólks og ungmenna almennt á Íslandi. Afrekssvið og íþróttabrautir framhaldsskólanna geta gegnt lykilhlutverki við að draga úr brotthvarfi úr íþrótt- og æskulýðsstarfi. Framhaldsskólar eru einnig mikilvægur vettvangur fyrir hæfileikamótun margra ungra og efnilegra einstaklinga í íþróttum og því er nauðsynlegt að styrkja afrekssvið framhaldsskólanna og tengja þau markvisst við starfsemi íþróttafélaga. Samhliða þurfa stjórnvöld að samræma mismunandi afrekssvið, með því að sett verði fram ákveðin gæðaviðmið.

Í þessu samhengi er mikilvægt að AMÍ verði eins konar faglegur bakhjarl afrekssviða framhaldsskólanna sem veitir sérfræðiráðgjöf á sviði þjálfunar og þátta sem mikilvægir eru til að ná betri árangri í íþróttum. AMÍ getur einnig haft umsjón með og veitt sérfræðiráðgjöf til ungs afreksíþróttafólks sem stundar nám við framhaldsskóla sem ekki eru með skilgreind afreksíþróttasvið. Þannig skapast hagstæð skilyrði fyrir efnilegt íþróttafólk á Íslandi til að þróa sína hæfileika enn frekar og ná betri árangri í íþróttum.

### 7.3.1 Afrekssvið framhaldsskólanna – nýsköpunarsjóður

Starfshópurinn leggur til að komið verði á fót sérstökum nýsköpunarsjóði eða hvatakerfi sem hefur það markmið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna. Tilgangurinn er að efla tengsl framhaldsskólanna, íþróttafélaganna og sveitarfélaga. Framhaldsskólar geti sótt um fjárhagslegan stuðning í tengslum við uppbyggingu afrekssviða og kostnað sem tengist íþróttþjálfurum og/eða verkefnisstjórn afrekssviðs.

Mikilvægt er að góð tenging verði á milli afrekssviða framhaldsskólanna, íþróttafélaga og Afreksmiðstöðvar Íslands, sjá Mynd 14.



**Mynd 14.** Farsæld og árangur í íþróttum getur skapast vegna góðra tenginga AMÍ við afrekssvið framhaldsskólanna og íþróttahreyfinguna

Hugmynd starfshópsins er að hlutverk AMÍ í tengslum við afrekssvið framhaldsskóla verði eftirfarandi:

- Sérfræðingar AMÍ verði hluti af stjórnarteymi afrekssviðs viðkomandi framhaldsskóla.
- Gerður verði formlegur samstarfssamningur AMÍ, framhaldsskóla og íþróttafélags.
- Sérfræðingar AMÍ vinni náð með skólastjórnendum, sérsamböndum, íþróttafélögum og íþróttafólkinu með verkefnisstjóra afrekssviðs í skólanum.
- Tryggja sveigjanleika nemenda í námi í samvinnu við skólakerfið.

Hugmynd starfshópsins er að hlutverk mennta- og barnamálaráðuneytis í tengslum við afrekssvið framhaldsskólanna verði eftirfarandi:

- Setja skýrar reglur og gæðaviðmið fyrir starfsemi afrekssviða.
- Samræma starfsemi afrekssviða í framhaldsskólum.
- Eftirfylgni, samvinna og samráðsfundir.

## 7.4 Háskólar

Fjölmarginir hafa bent á mikilvægi þess að afrekssvið í íþróttum stundi nám samhliða sínum íþróttuferli og hafi að honum loknum að einhverju ákveðnu að stefna. Nemendur í háskólanámi eiga mjög auðvelt með að stýra álagi í sínu námi og því er fátt betra en að stunda háskólanám á sama tíma og lögð er stund á afreksíþróttir þar sem álag getur verið mjög breytilegt. Sú blanda er búin að margsanna sig meðal afreksíþróttafólks víða um heim. Mikilvægt er að koma á samstarfi AMÍ, íþróttahreyfingarinnar og háskólanna vegna þessa. Komið verði á ákveðnu fyrirkomulagi eða skýrum skilgreiningum sem afreksíþróttafólk getur unnið eftir.

*Frá heimsókn mennta- og barnamálaráðherra og fulltrúa ráðuneytisins á fund sviðsforseta fræðasviða HÍ og rektors HÍ þar sem afreksíþróttir voru til umfjöllunar*



## 7.5 Afreksíþróttir og nám

Komið hefur verið til móts við nemendur sem taka þátt í landsliðsverkefnum með ólíkum hætti á sama skólastigi sem og á milli þeirra. Auka þarf sveigjanleika nemenda vegna æfinga og keppnisferða sérstaklega og koma betur til móts við þeirra þarfir. Í mörgum tilfellum er komið vel til móts við nemendur en engu að síður þarf að samræma stefnu og tengingu skólakerfisins við íþróttafólkið og þá sem koma að umgjörð þeirra. Grundvöllur fyrir þessu öllu er að skilningur skólastjórnenda sé til þess að afreksíþróttafólkið hafi sveigjanleika í sínu námi og hafi möguleika á að ljúka náminu á lengri tíma. Hér er starfshópurinn ekki að fara fram á að gerðar verði minni kröfur til náms afreksíþróttafólks.

## 7.6 Tillögur starfshóps

- Heilstæðar tillögur um aðgerðir til að hlúa að ungu efnilegu íþróttafólki.
- Aðgerðir til að draga úr brotthvarfi barna og unglunga úr íþróttum og æskulýðstarfi.
- AMÍ í samstarfi við íþróttafélög og grunnskóla, standi að fræðslu fyrir foreldra efnilegra ungmenna í íþróttum.
- Styrkja faglega stöðu og samræmingu afrekssviða í framhaldsskólum.
- Stofna nýsköpunarsjóð sem mun styrkja faglega umgjörð afrekssviða framhaldsskóla og efla samstarf afrekssviða, sérsambanda, íþróttafélaga og deilda.
- Skýrt fyrirkomulag varðandi sveigjanleika fyrir afreksíþróttafólk í íþróttum sem stunda nám í framhaldsskólum og háskólum.

## 8. Samantekt tillagna

Hugmyndir um eflingu afreksstarfs á Íslandi sem settar eru fram í þessari skýrslu eru byggðar á álitum fjölmargra álitsgjafa frá íþróttahreyfingunni, stjórnvöldum, skólakerfi, atvinnulífi og öðrum hagsmunaaðilum. Mikil áhersla var lögð á að vinna tillögurnar í góðu samráði og samvinnu við hagsmunaaðila. Mikilvægur hluti af vinnu starfshóps hefur verið að greina hvernig nágrannalöndin standa að afrekstarfi í íþróttum. Að því sögðu þá er mikilvægt að tillögurnar verði aðlagðar að íslenskum aðstæðum. Í gegnum alla vinnu starfshópsins hefur rík áhersla verið lögð á umbætur afreksstarfs sem hafa velferð og öryggi allra að leiðarljósi.

Umfjöllun og hugmyndir starfshóps eru settar fram í sex köflum og tillögur eru settar fram í hverjum kafla. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir mikilvægustu tillögum starfshóps.

### 8.1 Afreksmiðstöð Íslands

- Mikilvæg forsenda þess að ná betri árangri í íþróttum á komandi árum er að komið verði á fót Afreksmiðstöð Íslands (AMÍ). Forsendur þess að vel takist til er að öflug samvinna og samstarf verði milli stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífs, íþróttahreyfingar, grunn- og framhaldsskóla, háskólasamfélagsins og sérfræðinga og fagaðila á sviði íþróttar.
- Hugmyndafræðin á bakvið AMÍ er að sett verði saman öflugt fagteymi sérfræðinga og ráðgjafa frá 8 ólíkum fagsviðum íþróttar.
- Mikilvægt hlutverk AMÍ er að styrkja sérsambönd og íþróttafélög að sinna sínu afreksstarfi. Einnig að bæta umhverfi og efla starfsumhverfi íþróttþjálfarans, með því að efla menntun, þekkingu og hæfni þeirra.
- Skipuð verði stjórn AMÍ og henni verði fundið staður í skipuriti íþróttahreyfingarinnar.
- Til að stuðla að aukinni þekkingarsköpun á sviði íþróttar, betri farsæld barna og ungmenna og auka líkurnar að betri árangur náist í íþróttum leggur starfshópur til að komið verði á fót íþróttarannsóknasjóði fjármögnuðum af ríkinu.

### 8.2 Afreksstarf, skipulag og stuðningur

- Samræma þarf betur afreksstefnu ÍSÍ og sérsambanda auk þess að skilgreina betur afrek.
- Afreksjóður verði hækkaður, launasjóði afreksíþróttafólks og þjálfara verði komið á. Styðja þarf sérstaklega við næstu kynslóð afreksíþróttafólks.
- Aukin áhersla verði lögð á markvissa vinnu með færri sérsamböndum að því að ná auknum árangri.
- Hækka þarf fjárstyrki frá stjórnvöldum til reksturs sérsambanda til að tryggja grunnstarfsemi þeirra.
- Niðurstöður SPLISS rannsóknar verði stefnumarkandi í íslensku afreksstarfi.

### 8.3 Stuðningur sveitarfélaga og atvinnulífs við afreksíþróttir

- Að stefnumörkun sveitarfélaga vegna málefna tengdum íþróttá- og afreksmálum sé samræmd á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS).
- Auka þarf stuðning sveitarfélaga vegna þátttöku í landsliðsverkefnum.
- Samræma þarf uppbyggingu íþróttamannvirkja þvert á sveitarfélög í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og íþróttahreyfinguna.
- Aðgengi að mannvirkjum fyrir afreksíþróttafólk samkvæmt skilgreiningum sérsambanda ÍSÍ sé tryggt.
- Safna þarf með markvissum hætti upplýsingum um mannvirki, íþróttastarf og þann mannauð sem til staðar er um allt land, svæðisskrifstofur geta gegnt mikilvægu hlutverki í því samhengi.
- Vinna þarf að tillögum um hvernig meta megi hagræn áhrif íþróttastarfs í sveitarfélögum landsins og setja upp fjárhagslega hvata til uppbyggingar íþróttastarfsemi sem dregur til sín þátttakendur og gesti.
- Útfæra þarf tillögur um hvernig sveitarfélög geti fengið viðurkenningu sem íþróttasveitarfélög.

### 8.4 Launasjóður afreksíþróttafólks og réttindi


- Launasjóður afreksíþróttafólks og íþróttáþjálfara verði stofnaður, vistaður hjá AMÍ og launþega samningar verði gerðir sem tryggir um leið vinnumarkaðstengd réttindi.
- AMÍ geri samninga við einkarekna starfsemi um heilbrigðisþjónustu fyrir afreksíþróttafólk.
- Skjólstæðingar AMÍ fái ráðgjöf vegna skatta, lífeyrismála og trygginga.
- Komið verði á betra fyrirkomulagi vegna tryggingamála íþróttahreyfingarinnar.

### 8.5 Kostnaðarþátttaka í afreksstarfi

- Auka þarf fjármagn til íþróttahreyfingarinnar frá ríki og sveitarfélögum svo hægt sé að lágmarka kostnaðarþátttöku iðkenda í landsliðsstarfi.
- Auka þarf framlög til Ferðasjóðs íþróttafélaga til að koma til móts við aukinn ferðakostnað einstaklinga og félaga af landsbyggðinni.
- Tryggja þarf betri samninga vegna ferðalaga þátttakenda í afreksstarfi innanlands sem utan, æskilegt að fyrirkomulag Loftbrúar sé endurskoðað svo styðji betur við þátttöku í afreksstarfi.
- Aðgengi að gistiaðstöðu á höfuðborgarsvæðinu verði tryggt fyrir þátttakendur í afreksstarfi gegn hóflegu gjaldi.

## 8.6 Afreksstarf á ólíkum skólastigum

- Að koma með tillögur um aðgerðir til að hlúa að efnilegu íþróttafólki og draga úr brottfarfi unglunga úr íþróttum.
- Efla þarf samvinnu og tengsl AMÍ við grunnskólastigið og þjálfun ungmenna í íþróttafélögnum auk foreldrafræðslu.
- Stjórnvöld þurfa að samþætta og samræma afrekssvið í framhaldsskólunum í landinu.
- AMÍ verði faglegur bakhjarl afrekssviða framhaldsskólanna sem veitir sérfræðiráðgjöf á sviði þjálfunar og þátta sem eru mikilvægir til að ná lengra í íþróttum.
- Komið verði á fót sérstökum nýsköpunarsjóði eða hvatakerfi sem hefur það markmið að efla og styrkja afrekssvið framhaldsskólanna. Tilgangurinn er að efla tengsl framhaldsskólanna, íþróttafélaga og sveitarfélaga.
- Auka þarf samstarf AMÍ, íþróttahreyfingarinnar og háskólanna tengt íþróttavísindum og komið verði á ákveðnu fyrirkomulag og sveigjanleika sem afreksíþróttafólk getur unnið eftir.



## 9. Heimildaskrá

De Bosscher, V., De Knop, P., van Bottenburg, M., Shibli, S. (2006). A conceptual framework for analysing Sports Policy Factors Leading to international sporting success. *European Sport Management Quarterly*, 6 (2), 185-215.

Johannsson, E., Arngrimsson, S. A., Thorsdottir, I. og Sveinsson, T. (2006). Tracking of overweight from early childhood to adolescence in cohorts born 1988 and 1994: Overweight in a high birth weight population. *Int J Obes (Lond)*, 30(8), 1265-1271.

Dumith, S. C., Gigante, D. P., Domingues, M. R. og Kohl, H. W., 3rd. (2011). Physical activity change during adolescence: A systematic review and a pooled analysis. *Int J Epidemiol*, 40(3), 685- 698.

Kalman, M., Inchley, J., Sigmondova, D., Iannotti, R. J., Tynjala, J. A., Hamrik, Z., Bucksch, J. (2015). Secular trends in moderate-to-vigorous physical activity in 32 countries from 2002 to 2010: A cross-national perspective. *Eur J Public Health*, 25 Suppl 2, 37-40.

Stefansdottir, R., Rognvaldsdottir, V., Gestsdottir, S., Gudmundsdottir, S. L., Chen, K. Y., Brychta, R. J., & Johannsson, E. (2020). Changes in sleep and activity from age 15 to 17 in students with traditional and college-style school schedules. *Sleep Health*. Dec;6(6):749-757.

Rognvaldsdottir, V., Gudmundsdottir, S. L., Brychta, R. J., Hrafnkelsdottir, S. M., Gestsdottir, S., Arngrimsson, S. A., Chen K.Y., Johannsson, E. (2017). Sleep deficiency on school days in Icelandic youth, as assessed by wrist accelerometry. *Sleep Med*, May;33, 103-108.

Útgefið efni. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. (2015). Kostnaður vegna afreksíþróttastarfs á Íslandi - skýrsla vinnuhóps

<https://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Afrekssjodur-iSi/Annad-efni-ASI/Kostna%3%b0ur%20vegna%20afreks%3%ad%3%ber%3%b3ttastarfs%20%3%a1%20%3%8dslandi%20-%20Sk%3%bdrsla%20vinnuh%3%b3ps.pdf?>

Útgefið efni. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. (2017). Skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ.

<https://isi.is/library/Skrar/Efnisveita/Afrekssjodur-iSi/Annad-efni-ASI/Sk%3%bdrsla%20-%20Vinnuh%3%b3pur%20um%20endursko%3%b0un%20%3%a1%20reglum%20Afrekssj%3%b3%3%b0s%20%3%8dS%3%8d%2007032017-final.pdf?>

Gagnabanki. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands. (2022).

<https://isi.is/um-isi/utgafa/myndraen-tolfraedi/2022/>

# 10. Ítarefni

## 10.1 Listi yfir álitsgjafa, erindi og heimsóknir á starfstíma starfshóps

Teymi fagaðila sem hafa skilað álti til starfshópsins auk álitssaðila. Í vissum tilfellum hafa meðlimir starfshópsins verið með í teymisvinnu hópanna:

- **Meðhöndlun:** Pétur Einar Jónsson, Hafrún Kristjánsdóttir, Örnólfur Valdimarsson, Róbert Magnússon, álitssaðili Reynir Björn Björnsson.
- **Sálfræði:** Hafrún Kristjánsdóttir.
- **Næring:** Anna Sigríður Ólafsdóttir, Birna Varðardóttir.
- **Styrktar- og þrekþjálfun:** Jón Birgir Guðmundsson, Erlingur Birgir Richardsson, Halldór Björnsson, Hjörtur Ragnarsson, Hjalti Rúnar Oddsson.
- **Svæðin og sveitarfélögin:** Guðmunda Ólafsdóttir, Steinþór Einarsson, álitssaðili Líney Rut Halldórsdóttir, Óskar Þór Ármannsson.
- **Kynningar- og markaðsmál:** Hjördís Guðmundsdóttir, Daníel Jakobsson, Sigríður Unnur Jónsdóttir.
- **Skólakerfið:**
  - **Háskólar:** Erlingur Jóhannsson, Hafrún Kristjánsdóttir.
  - **Framhaldsskólar, íþróttar- og afreksbrautir:** Bjarni Jóhannsson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Örn Þrastarson, Daði Rafnsson.
- **Réttindamál:** Eva Margrét Kristinsdóttir, Hildur Ýr Þórðardóttir, María Sæm Bjarkadóttir, álitssaðili Haukur Hinriksson, Kári Mímisson.
- **Rekstur og fjármál, sjóðir:** Guðmunda Ólafsdóttir, Kári Steinn Reynisson, Brynja Guðjónsdóttir, Óskar Þór Ármannsson, Andri Stefánsson, Hannes Jónsson, Sólveig Jónsdóttir, Klara Bjartmarz, Guðmundur Karlsson.

### Mennta- og barnamálaráðuneytið

- Ráðherra – Margir fundir og fyrirspurnir til Ásmundar Einars Daðasonar, mennta- og barnamálaráðherra.
- Ráðuneytistjóri – Fundir með Ernu Blöndal, ráðuneytisstjóra í mennta- og barnamálaráðuneytinu.
- Skrifstofustjórar – Vikulegir fundir með Þorsteini Hjartarsyni, skrifstofustjóra í mennta- og barnamálaráðuneytinu og síðar Halldóru Dröfn Gunnarsdóttur.
- Íþróttateymisstjóri – Vikulegir fundir undir forystu Óskars Þórs Ármannssonar með íþróttateymi MRN, Vésteini Hafsteinsyni, Örvari Ólafssyni og Líneyju Rut Halldórsdóttur.

- Þingflokkar – Framsaga haldin fyrir þingflokka Framsóknarflokksins, Viðreisnar, Samfylkingar, Vinstri hreyfingar græns framboðs og Flokk fólksins.
- Ráðherrar – Óformlegar viðræður við fimm ráðherra ríkisstjórnarinnar.
- Starfsfólk mennta- og barnamálaráðuneytisins – Framsaga fyrir starfsfólk.

### Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands

- Framkvæmdastjórn ÍSÍ – Framsaga fyrir framkvæmdastjórnina með Lárusi Blöndal forseta og Andra Stefánssyni framkvæmdastjóra.
- Afrekssvið ÍSÍ – Vikulegir fundir með Kristínu Birnu Ólafsdóttur og Brynju Guðjónsdóttur undir stjórn Vésteins Hafsteinssonar.
- Afreksráð ÍSÍ – Fundir á tveggja mánaða fresti með fulltrúum ráðsins, Olgu Bjarnadóttur, Kára Mímissyni, Hjördísi Guðmundsdóttur, Elsu Nielsen og Úlfi Helga Hróbjartssyni.
- Formannafundur – Erindi haldið til kynningar á formannafundi sérsambanda og íþróttahéraða.
- Sérsambönd ÍSÍ – Nokkrir kynningarfundir og erindi fyrir öll sérsambönd ÍSÍ 34 að tölu auk heimsókna í hvert og eitt þeirra og sum munar oftár. Auk þess sem eftirfarandi sérsambönd báðu um kynningu: SSÍ, BSÍ, FRÍ, SKÍ, KSÍ, HSÍ, KÍ, KRA.
- Heimsóknir til íþróttahéraða – Erindi haldin fyrir stjórnir og starfsfólk ÍBR, ÍBH, ÍBA.
- Íþróttamannanefnd ÍSÍ – Erindi og umræður við Íþróttamannanefnd ÍSÍ með Kára Mímissyni, Kristínu Þórhallsdóttur, Antoni Sveini McKee, Dominique Ölmú Belányi og Sigrúnu Agöthu Árnadóttur.
- Starfsfólk ÍSÍ – Framsaga fyrir allt starfsfólk ÍSÍ.

### Ungmennafélag Íslands

- Stjórn og starfsfólk UMFÍ – Framsaga fyrir stjórn og starfsfólk UMFÍ með Jóhanni Steinari Ingimundarsyni formanni og Auði Ingu Þorsteinsdóttur framkvæmdastjóra.
- Ársþing UMFÍ – Erindi haldið á ársþingi UMFÍ fyrir Íþróttahéruð með aðild að UMFÍ.

### Samtök íslenskra sveitarfélaga

- Framkvæmdastjóri SÍS – Fundir með Arnari Þór Sævarssyni framkvæmdastjóra SÍS.
- Landshlutasamtök SÍS – Fjarfundur með öllum átta landshlutasamtökum sveitarfélaganna.
- Starfsfólk SÍS – Kynningarfundur með starfsfólki SÍS.

**Skólakerfið**

- Háskóli Íslands – Erindi fyrir rektor og sviðsstjóra auk erindis við opnun nýrrar rannsóknarstofu.
- Háskóli Reykjavíkur – Fundur með rektor auk kynningar fyrir íþróttafraeðideild og starfsfólk hennar.
- Háskóli Akureyrar – Erindi haldið með öllum hagsmunaaðilum íþróttá Akureyri auk þess sem erindi var haldið á ráðstefnu á vegum HA.
- Framhaldsskólar – Erindi og umræður við alla skólastjórnendur framhaldskólanna.
- Afreksbrautir – Heimsóknir í afreksbrautir MK og Flensborgar.

**Íþróttafélög og -deildir**

- Höfuðborgarsvæðið – Fundur með íþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu á stað- og fjarfundi, 71 fulltrúar mættu.
- Heimsóknir í fjölda félaga og deilda með kynningarerindi.
- Landsbyggðin – Heimsóknir á Norðurland (Akureyri), Austurland (Egilsstaði), Vesturland (Akranes), Vestfirði (Ísafjörð) og fundir og erindi haldin með hagsmunaaðilum félaga og deilda auk íþróttahéraða, skólastjórnenda auk sveitarstjórnarfólks.

**Þjálfarar og íþróttafólk**

- Einstaklingsfundir við fjölda þjálfara í hreyfingunni í sérsamböndum, íþróttahéruðum, félögum og deildum.
- Einstaklingsfundir við fjölda íþróttafólks í sambandi við hvað sem koma skal fyrir þau í framtíðinni með nýrri stefnu.

**Ráðstefna – Vinnum gullið**

- Fundarstjóri: Kristjana Arnarsdóttir
  - Ávörp: Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra
- Erindi:
  - Vésteinn Hafsteinsson, afreksstjóri ÍSÍ og formaður starfshóps mennta- og barnamálaráðuneytisins
  - Erlingur Jóhannsson, prófessor við HÍ
  - Guðmunda Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri ÍA
  - Steingrímur Birgisson, forstjóri Hölds-Bílaleigu Akureyrar
  - Björgvin Páll Gústavsson, landsliðsmarkvörður í handknattleik
  - Hrafnhildur Lúthersdóttir, ólympíufari og sundþjálfari
  - Alvin de Prins, framkvæmdastjóri afreksmiðstöðvar í Luxemburg
  - Pia Mörk Andreassen, svæðisstjóri Olympiatoppen í Bergen í Noregi
- Pallborð 1: Sif Atladóttir, Anton Sveinn McKee, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Björgvin Páll Gústavsson
- Pallborð 2: Vésteinn Hafsteinsson, Erlingur Jóhannsson, Pia Mörk Andreassen og Alvin de Prins
- Hópvinna 1–2: Allir ráðstefnugestir
- Viðtöl: Ásmundur Einar Daðason, Lárus Blöndal, Auður Inga Þorsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir

**Annað**

Ólympíuleikar – Erindi haldið fyrir Samtök íslenskra Ólympíufara.

Heimsóknir í sjö stórfyrirtæki til kynningar á verkefninu.

Heimsóknir til fjölda annarra fyrirtækja og einstaklinga sem tengjast starfinu á einn eða annan hátt í sambandi við stafræna vegferð, líkamsrækt, sjúkráþjálfun, mælingar, rannsóknir o.s.frv.

## 10.2 Tengiliðir

Erlendir álitssaðilar:

Land	Nafn	Titill
Bretland	Shaun Pickering	Ráðgjafi í afreksmálum, Breska frjálsíþróttasambandið
Danmörk	Lars Balle Christensen	Afreksstjóri hjá Team Danmark
Danmörk	Jakob Ovesen	Íþróttastjóri hjá Team Danmark
Eistland	Merle Kaljurand	Verkefnastjóri hjá Eistnesku Ólympíunefndinni
Eistland	Martti Raju	Afreksstjóri hjá Eistnesku Ólympíunefndinni
Eistland	Eric Teigameigi	Formaður Eistneska frjálsíþróttasambandsins
Finnland	Olli-Pekka Karjalainen	Þróunarstjóri, Kuortane afreksmiðstöð
Finnland	Leena Paavolainen	Deildarstjóri afreksstarfs hjá Finnsku Ólympíunefndinni
Holland	Charles van Commenee	Fyrirverandi Afreksstjóri hjá Hollensku Ólympíunefndinni
Írland	Martin Burke	Afreksstjóri hjá Írsku Ólympíunefndinni
Kanada	Peter Eriksson	Fyrirverandi yfirþjálfari Breska Parasportlandsliðsins
Liechtenstein	Christof Baer	Íþróttastjóri Ólympíunefndar Liechtenstein
Luxemburg	Raymond Conzemius	Tæknistjóri hjá Ólympíunefnd Luxemborgar
Luxemburg	Alvin De Prins	Afreksstjóri hjá Afreksmiðstöð Luxemborgar
Malta	Charlene Attard	Íþróttastjóri hjá Ólympíunefnd Möltu
Noregur	Guro Lium	Verkefnastjóri hjá Norsku Ólympíunefndinni
Noregur	Trond Pedersen	Deildarstjóri afreksstarfs hjá Olympiatoppen
Noregur	Pia Mörk Andreassen	Deildarstjóri hjá Olympiatoppen vestur
Slovenía	Borut Kolaric	Íþróttastjóri hjá Slovensku Ólympíunefndinni
Svíþjóð	Peter Reinebo	Afreksstjóri hjá Sænsku Ólympíunefndinni
Svíþjóð	Thomas Engdahl	Íþróttastjóri hjá Sænsku Ólympíunefndinni
Svíþjóð	Rickard Nilsson	Ráðgjafi hjá Sænsku Ólympíunefndinni

## 10.3 Gagnlegir tenglar

- Danmörk
  - Team Danmark: <https://www.teamdanmark.dk/>
  - Lög um afreksíþróttir: <https://www.teamdanmark.dk/om-os/bestyrelse/lov-om-eliteidraet/>
- Noregur
  - Norska íþróttta- og Ólympíusambandið: <https://www.idrettsforbundet.no/>
  - Olympiatoppen: <https://olympiatoppen.no/>
- Svíþjóð
  - Riksidrottsförbundet: <https://www.rf.se/>
  - Riksidrottsförbundet, elitidrott: <https://www.rf.se/rf-arbetar-med/elitidrott>
  - Ólympíunefnd: <https://sok.se/>
- Finnland
  - Ólympíunefndin: <https://www.olympiakomitea.fi/>
  - Styrktarsjóður ráðuneytis menntamála og menningar: <https://www.olympiakomitea.fi/huippu-urheilu/huippuvaiheen-ohjelma/urheilijat/urheilija-apurahat/>
- Holland
  - Íþróttta- og Ólympíunefnd Hollands: <https://nocnsf.nl/topsport>
- Eistland
  - Team Estonia: <https://www.eok.ee/team-estonia/team-estonia>
  - Um þjálfaraáætlunina: <https://www.spordiinfo.ee/Coac>



